Viðskipti, sem voru tilkynnt íslensku kauphöllinni, sundurliðast þannig:

Dagsetning	Fjöldi hluta í Kaupþingi banka hf.	Gengi í viðskiptum	Kaupverð í íslenskum krónum án þóknunar
28. maí 2008	5.000.000	750	3.750.000.000
4. júní 2008	1.500.000	760	1.140.000.000
11. júní 2008	1.000.000	750	750.000.000
31. júlí 2008	1.000.000	710	710.000.000
1. ágúst 2008	1.000.000	710	710.000.000
16. september 2008	3.000.000	675	2.025.000.000
17. september 2008	1.000.000	683	683.000.000
17. september 2008	1.000.000	685	685.000.000
18. september 2008	1.000.000	680	680.000.000
Samtals	15.500.000		11.133.000.000

Viðskiptin komu til vegna ákvörðunar ákærðu, Hreiðars Más, Sigurðar og Ingólfs, um að selja skyldi hluti í bankanum með fullri fjármögnun bankans og að þeirra undirlagi lét ákærði Magnús starfsmann Kaupthing Bank Luxembourg S.A. bjóða eiganda Desulo Trading Limited, Agli Ágústssyni, að kaupa hluti í bankanum með fullri fjármögnun bankans, en félagið var eignalaust. Kom Magnús þannig fram fyrir hönd Kaupþings banka hf. Í framhaldinu fól ákærði Ingólfur yfirmanni hlutabréfamiðlunar hjá Kaupþingi að framkvæma viðskiptin og tilkynna þau til kauphallar.

III

A

Á hendur ákærðu, Hreiðari Má, Sigurði, Ingólfi, Magnúsi, Bjarka og Björk, fyrir umboðssvik, með því að hafa árið 2008 misnotað aðstöðu sína hjá Kaupþingi, Hreiðar Már sem forstjóri bankans og nefndarmaður í lánanefnd samstæðu, Sigurður sem starfandi stjórnarformaður bankans, Ingólfur sem forstjóri Kaupþings á Íslandi, Magnús sem forstjóri Kaupthing Bank Luxembourg S.A., Bjarki sem framkvæmdastjóri útlána og nefndarmaður í lánanefnd samstæðu og Björk sem nefndarmaður í lánanefnd samstæðu, og stefnt fé bankans í verulega hættu þegar þau fóru út fyrir heimildir til lánveitinga og veittu félagi með takmarkaðri ábyrgð skráðu á Bresku Jómfrúaeyjum, Holt Investment Group Ltd., eftirfarandi lán til að fjármagna að fullu kaup á hlutum í Kaupþingi, án þess að fyrir lægi samþykki þar til bærrar lánanefndar, án þess að endurgreiðslur lánanna væru tryggðar í samræmi við ákvæði reglubókar bankans um töku trygginga fyrir útlánum og án þess að meta á nokkurn hátt greiðslugetu og eignastöðu lánþegans. Nánar tiltekið:

i) Á hendur ákærðu, Hreiðari Má, Sigurði, Ingólfi, Magnúsi og Bjarka, fyrir að hafa hinn 15. febrúar 2008 í sameiningu veitt félaginu peningamarkaðslán að fjárhæð 12.050.000.000 krónur en láninu var varið til að fjármagna að fullu kaup félagsins á hlutum í Kaupþingi dagana 8. og 12. febrúar 2008.

ii) Á hendur ákærðu, Hreiðari Má, Sigurði, Ingólfi, Magnúsi og Bjarka, fyrir að hafa hinn 10. mars 2008 í sameiningu veitt félaginu peningamarkaðslán að fjárhæð 3.629.460.000 krónur en láninu var varið til að fjármagna að fullu kaup félagsins á hlutum í Kaupþingi hinn 29. febrúar 2008.

iii) Á hendur ákærðu, Hreiðari Má, Sigurði, Ingólfi, Magnúsi, Bjarka og Björk, fyrir að hafa í september 2008 í sameiningu veitt félaginu lán að fjárhæð 2.563.293.785 krónur. Skrifað var undir lánessamning þess efnis 18. september 2008 og var lánið greitt út 19. september 2008. Var láninu varið til að fjármagna að fullu kaup félagsins á hlutum í Kaupþingi hinn 11. september 2008.

Lánið sem veitt var 15. febrúar 2008, sbr. lið i, var á gjalddaga 25. febrúar 2008 en það var framlengt fimm sinnum: 26. febrúar 2008, 3. mars 2008, 10. mars 2008, 17. mars 2008 og 26. mars 2008. Hinn 31. mars 2008 var láninu skipt upp með þeim hætti að annars vegar var gerður lánessamningur á milli félagsins og bankans að fjárhæð 5.500.000.000 krónur á gjalddaga 30. apríl 2008 en hins vegar var afganginum haldið áfram í formi peningamarkaðsláns að fjárhæð 6.841.324.836 krónur.

Lánið sem veitt var 10. mars 2008, sbr. lið ii, var á gjalddaga 14. mars 2008 en það var framlengt þrisvar sinnum: 19. mars 2008, 26. mars 2008 og 31. mars 2008. Þann dag sem lánið var síðast framlengt höfðu verið greiddar inn á lánið 375.995.537 krónur en þar af voru 374.000.000 krónur arður af hlutabréfum í Kaupþingi. Afgangurinn virðist hafa verið endurgreiðsla á ofgreiddu láni til félagsins.

Hinn 3. apríl 2008 voru tvö útistandandi peningamarkaðslán til félagsins sameinuð í eitt peningamarkaðslán að fjárhæð 10.153.763.399 krónur. Var það framlengt sex sinnum: 2. maí 2008, 5. maí 2008, 19. maí 2008, 30. maí 2008, 10. júní 2008 og 19. júní 2008. Hinn 25. júní 2008 var formi útistandandi lána félagsins breytt í lánessamning að fjárhæð 16.325.962.087 krónur. Var gjalddagi sammingsins 2. júlí 2009.

Lánið sem veitt var 19. september 2008, sbr. lið iii, var á gjalddaga 2. júlí 2009. Hinn 22. september 2008 voru hlutirnir hins vegar seldir. Var söluandvirðið annars vegar notað til að greiða upp lánið frá 19. september 2008, og hins vegar var söluhagnaði og óráðstöfuðu fé, samtals upp á 58.400.000 krónur, ráðstafað inn á lán félagsins. Verður að telja lán Kaupþings til félagsins að öðru leyti að fullu glötuð.

B

Á hendur ákærðu, Hreiðari Má, Sigurði, Ingólfi og Magnúsi, fyrir umboðssvik, með því að hafa í mars 2008 misnotað aðstöðu sína hjá Kaupþingi og stefnt fé hans í verulega hættu þegar þeir fóru út fyrir heimildir til lánveitinga og veittu í sameiningu Fjárfestingafélaginu Mata ehf. 3.592.875.350 króna peningamarkaðslán til að fjármagna að fullu kaup á hlutum í Kaupþingi án þess að fyrir lægi samþykki þar til bærrar lánanefndar, án þess að endurgreiðsla lánanna væri tryggð í samræmi við ákvæði reglubókar bankans um töku trygginga fyrir útlánum og án þess að meta á nokkurn hátt greiðslugetu og eignastöðu lánþegans en eiginfjárstaða félagsins var neikvæð.

Lánveiting bankans var hærrí en sem nam fjárþörf félagsins vegna hlutabréfakaupanna og myndaðist því handbært fé á reikningum þess að fjárhæð 3.575.000 krónur. Var fénu komið fyrir í peningamarkaðssjóði í nafni félagsins hjá bankanum.

Peningamarkaðslánið var greitt út hinn 27. mars 2008 og var á gjalddaga 31. mars 2008. Á gjalddaga var því skipt upp í tvö lán. Annars vegar var gerður lánessamningur á milli félagsins

og Kaupþings að fjárhæð 3.000.000.000 krónur. Lánessamningurinn var á gjalddaga 30. apríl 2008 en þann dag lenti lánið í vanskilum. Hins vegar var afgangurinn hafður áfram í formi peningamarkaðsláns að fjárhæð 615.410.507 krónur. Það var framlengt sex sinnum: 3. apríl 2008, 5. maí 2008, 13. maí 2008, 30. maí 2008, 9. júní 2008 og 19. júní 2008. Hinn 25. júní 2008 voru skuldir Fjárfestingafélagsins Mata ehf. við Kaupþing settar saman í einn lánessamning að fjárhæð 3.775.253.345 krónur en það lán var kúlulán á gjalddaga 2. júlí 2009. Lánið hefur frá þeim degi verið í vanskilum að frátalinni innborgun þegar framangreind eign félagsins í peningamarkaðssjóði var innleyst við fall bankans. Verður að telja lánið Kaupþingi að öðru leyti að fullu glatað.

C

Á hendur ákærðu, Hreiðari Má, Sigurði, Ingólfi, Magnúsi, Bjarka og Björk, fyrir umboðssvik, með því að hafa í júní, ágúst og september 2008 misnotað aðstöðu sína hjá Kaupþingi og stefnt fé hans í verulega hættu þegar þau fóru út fyrir heimildir til lánveitinga og veittu í sameiningu kýpversku félagi með takmarkaðri ábyrgð, Desulo Trading Limited, alls fimm lán til að fjármagna að fullu kaup á hlutum í Kaupþingi, án þess að endurgreiðsla lánanna væri tryggð í samræmi við ákvæði reglubókar bankans um töku trygginga fyrir útlánunum og án þess að meta á nokkurn hátt greiðslugetu og eignastöðu lánþegans. Nánar tiltekið:

i) Tvö lán, annað að fjárhæð 150.534.840 sænskar krónur en hitt að fjárhæð 4.994.883.619 íslenskar krónur sem bæði voru samþykkt af ákærðu, Bjarka og Björk, í lánanefnd samstæðu hinn 5. júní 2008, og veitt að undirlagi og með samþykki meðákærðu, Hreiðars Mús, Sigurðar, Ingólfs og Magnúsar. Skrifað var undir lánessamninga við Desulo Trading Limited hinn 11. júní 2008, og voru lánin greidd inn á reikninga félagsins hjá Kaupþingi banka hf. hinn 13. júní 2008 og þaðan inn á reikning félagsins hjá Kaupthing Bank Luxembourg S.A. hinn 16. júní 2008. Var lánið í sænsku krónunum notað til að greiða fyrir viðskipti félagsins með hluti í Kaupþingi í sænsku kauphöllinni á tímabilinu 14. maí 2008 til 21. maí 2008 en lánið í íslensku krónunum var notað til að greiða fyrir viðskipti félagsins með hluti í Kaupþingi í íslensku kauphöllinni dagana 28. maí 2008 og 4. júní 2008, hvort tveggja að meðtöldum lántökukostnaði. Bæði lánin voru á gjalddaga hinn 13. desember 2008. Lánin hafa frá þeim degi verið í vanskilum og verður að telja þau Kaupþingi að fullu glötuð.

ii) Lán að fjárhæð 767.680.000 krónur sem samþykkt var af ákærðu, Hreiðari Má, Bjarka og Björk, í lánanefnd samstæðu hinn 19. júní 2008, og veitt að undirlagi og með samþykki meðákærðu, Sigurðar, Ingólfs og Magnúsar. Skrifað var undir lánessamning við Desulo Trading Limited hinn 20. júní 2008, og var lánið greitt inn á reikning félagsins hjá Kaupþingi banka hf. hinn 25. júní 2008 og þaðan inn á reikning félagsins hjá Kaupthing Bank Luxembourg S.A. hinn 3. júlí 2008. Var lánið notað til að greiða fyrir viðskipti félagsins með hluti í Kaupþingi hinn 11. júní 2008, að meðtöldum lántökukostnaði. Var lánið á gjalddaga hinn 13. desember 2008. Lánið hefur frá þeim degi verið í vanskilum og verður að telja það Kaupþingi að fullu glatað.

iii) Lán að fjárhæð 1.442.552.700 krónur sem samþykkt var af ákærðu, Bjarka og Björk, í lánanefnd samstæðu hinn 7. ágúst 2008, og veitt að undirlagi og með samþykki meðákærðu, Hreiðars Mús, Sigurðar, Ingólfs og Magnúsar. Skrifað var undir lánessamning við Desulo Trading Limited hinn 8. ágúst 2008, og var lánið greitt inn á reikning félagsins hjá Kaupþingi banka hf. hinn 8. ágúst 2008 og þaðan inn á reikning félagsins hjá Kaupthing Bank Luxembourg S.A. hinn 12. ágúst 2008. Var lánið notað til að greiða fyrir viðskipti félagsins með hluti í Kaupþingi dagana 31. júlí 2008 og 1. ágúst 2008 að meðtöldum lántökukostnaði.

Var lánið á gjalddaga hinn 13. desember 2008. Lánið hefur frá þeim degi verið í vanskilum og verður að telja það Kaupþingi að fullu glatað.

iv) Lán að fjárhæð 4.130.000.000 krónur sem samþykkt var af ákærðu, Bjarka og Björk, í lánanefnd samstæðu hinn 25. september 2008, og veitt að undirlagi og með samþykki meðákærðu, Hreiðars Más, Sigurðar, Ingólfs og Magnúsar. Skrifað var undir lánsamning við Desulo Trading Limited hinn 26. september 2008 og var lánið greitt inn á reikning félagsins hjá Kaupþingi banka hf. hinn 30. september 2008. Var lánið notað til að greiða fyrir viðskipti félagsins með hluti í Kaupþingi dagana 16., 17. og 18. september 2008, að meðtöldum lántökukostnaði. Var lánið á gjalddaga hinn 13. desember 2008. Lánið hefur frá þeim degi verið í vanskilum og verður að telja það Kaupþingi að fullu glatað.

D

Á hendur ákærðu, Hreiðari Má og Sigurði, fyrir umboðssvik, með því að hafa í ágúst 2008 misnotað aðstöðu sína hjá Kaupþingi og stefnt fé hans í verulega hættu þegar þeir fóru út fyrir heimildir til lánveitinga og veittu í sameiningu Kevin Gerald Stanford, kt. 290760-2169, búsettum í Bretlandi, 12.445.518.000 króna peningamarkaðslán til að fjármagna að fullu kaup á hlutum í Kaupþingi án þess að fyrir lægi samþykki þar til bærrar lánanefndar bankans og án þess að endurgreiðsla lánsins væri tryggð í samræmi við ákvæði reglubókar bankans um töku trygginga fyrir útlánnum þótt þeir vissu að fjárhagsstaða lánþegans væri slæm. Lánið var veitt hinn 19. ágúst 2008 og lánsfjárhæðin sama dag lögð inn á reikning lánþega í Kaupþing Bank Luxembourg S.A. til uppgjörs á viðskiptum með hluti í Kaupþingi.

Peningamarkaðslánið var á gjalddaga 2. september 2008. Það var þá framlengt til 30. september 2008 og síðan til 30. október 2008. Lánið hefur síðan verið í vanskilum og verður að telja það Kaupþingi að fullu glatað.

IV

Brot ákærðu Hreiðars Más, Sigurðar, Ingólfs, Einars Pálma, Birnis Sæs og Péturs Kristins í I. kafla ákæru, teljast varða við a- og b-lið 1. tölul. 1. mgr. 117. gr., sbr. 1. tölul. 146. gr. laga um verðbréfavíðskipti, nr. 108/2007.

Brot ákærðu Hreiðars Más, Sigurðar, Ingólfs og Magnúsar í A, B og C-lið II. kafla ákæru, teljast varða við a-lið 1. tölul. og 2. tölul. 1. mgr. 117. gr., sbr. 1. tölul. 146. gr. laga um verðbréfavíðskipti, nr. 108/2007.

Brot ákærðu Hreiðars Más, Sigurðar, Ingólfs, Magnúsar, Bjarka og Bjarkar í A, B, C og D-lið III. kafla ákæru, teljast varða við 249. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

V

Þess er krafist að ákærðu verði dæmd til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Röksemdir sem málsóknin er byggð á, sbr. d-lið 1. mgr. 152. gr. laga um meðferð sakamála, nr. 88/2008.

1 Lýsing á heildarháttseminni

Brot ákærðu voru mjög umfangsmikil. Þau voru þaulskipulögð, stóðu yfir í langan tíma og vörðuð gríðarlega háar fjárhæðir. Kaupþing var stærsti útgefandi hlutabréfa sem skráð voru í Kauphöllinni og var vægi hlutabréfa í honum um mitt ár 2008 yfir 35% í úrvalsvísitölu Kauphallarinnar (OMX Iceland 15). Ákærðu, Hreiðar Már, Sigurður, Ingólfur, Einar Pálmi, Birnir Sær og Pétur Kristinn, komu ýmist í veg fyrir eða hægðu á lækkun á verði hlutabréfa í Kaupþingi og juku seljanleika þeirra með kerfisbundnum og stórfelldum kaupum um margra mánaða skeið á hlutabréfunum í krafti mikils fjárhagslegs styrks bankans. Þannig unnu þeir gegn og röskuðu gangverki markaðar með hlutabréf í bankanum.

Hlutabréf útgefin af Kaupþingi voru skráð bæði í kauphöllinni í Svíþjóð og á Íslandi. Hægt var að eiga viðskipti með hlutabréf Kaupþings í báðum kauphöllunum en sami hlutur gat þó einvörðungu verið í viðskiptum í annarri hvorri kauphöllinni á hverjum tíma.

Sú háttsemi sem ákærðu er gefin að sök í I. og II. kafla ákæru fól í sér langvarandi, stórfellda og ólögsmæta íhlutun í gangverk verðbréfamarkaðarins þar sem hún leiddi til þess að verð hlutabréfa í Kaupþingi laut í raun ekki þeim markaðslögmálum sem lög um verðbréfavíðskipti, nr. 108/2007 (hér eftir vvl.) áskilja. Verðmyndun hlutabréfanna var þvert á móti handstýrt af ákærðu, Hreiðari Má, Sigurði, Ingólfi, Einari Pálma, Birni Sæ og Pétri Kristni, og allir aðrir markaðsaðilar, stjórnvöld og samfélagið í heild þar með blekt.

Háttsemin sem ákærðu er gefin að sök í öllum köflum ákærunnar tengdist þeirri markaðsmisnotkun sem lýst er í I. kafla ákærunnar á tímabilinu. Ákærðu höfðu ríka hagsmuni af því að verð á hlutabréfum í bankanum lækkaði ekki eða sem allra minnst. Til koma þessu til leiðar lögðu ákærðu, Birnir Sær og Pétur Kristinn, að undirlagi Hreiðars Más, Sigurðar, Ingólfs og Einars Pálma, í upphafi hvers viðskiptadags fram röð stórra kaupþilboða í hlutabréf í Kaupþingi með litlu innbyrðis verðbili í tilboðabækur kauphallanna. Þá viðskiptadaga, sem framboð hlutabréfa í Kaupþingi var af svo skornum skammti að jafnvægi var milli framboðs og eftirspurnar annarra markaðsaðila en Kaupþings, reyndi lítið eða jafnvel ekkert á þessi stóru kaupþilboð eigin viðskipta Kaupþings (hér eftir EVK) og verðið hélst stöðugt. Þessa daga keyptu EVK lítið af hlutabréfum í Kaupþingi eða nýttu jafnvel tækifærið til að selja hlutabréf, í litlum mæli þó. Flesta viðskiptadaga var staðan hins vegar sú að framboð á hlutabréfum í Kaupþingi var langt umfram eftirspurn annarra markaðsaðila en EVK þannig að seljendur tóku kaupþilboðum EVK hverju á fætur öðru. Með því að hafa kaupþilboð EVK stór og lítið verðbil milli þeirra tryggðu ákærðu að verðið lækkaði hægt. Suma dagana dugðu þau tilboð EVK sem lögð voru fram í upphafi dags til að stöðva verðlækkunina en þegar sölubrýstingur var mikill var öllum kaupþilboðum bankans tekið. Áður en kaupþilboðin voru uppurin bættu ákærðu, Birnir Sær og Pétur Kristinn, að undirlagi Hreiðars Más, Sigurðar, Ingólfs og Einars Pálma, fleiri stórum kaupþilboðum við til að hægja á verðlækkun hlutabréfanna. Suma daga gerðist þetta ítrekað. Ef sölubrýstingur minnkaði verulega eða hvarf settu EVK jafnvel inn kaupþilboð á herra gengi.

Framangreind háttsemi sýnir að meginmarkmið ákærðu með viðskiptum og tilboðum í hlutabréf í Kaupþingi var að stuðla að því að verð hlutabréfanna héldist stöðugt eða lækkaði sem allra minnst en ekki að kaupa hlutabréfin á sem lægstu verði.

Um samfellda markaðsmisnotkun var að ræða á öllu tímabilinu þar sem háttsemi ákærðu miðaði allan tímann að því að halda verði hlutabréfa í bankanum stöðugu eða draga úr verðlækkun með því að halda inni stórum kaupþilboðum og kaupa hlutabréf í bankanum sem voru umfram eftirspurn. Tilgangurinn var jafnframt sá að tryggja seljanleika hlutabréfa í Kaupþingi með mikilli og stöðugri eftirspurn eftir hlutabréfunum. Þar sem framboð á hlutabréfum var hins vegar mismunandi frá degi til dags reyndi mismikið á verðgólfið og kauphlutfall EVK var því mismunandi hátt.

Kaup EVK umfram sölu, á hlutabréfum í Kaupþingi, í sjálfvirkum pörunarviðskiptum á einstaka viðskiptadögum, námu svo háu hlutfalli af heildarveltu viðkomandi daga að háttsemi ákærðu hvern einasta dag er í eðli sínu sjálfstætt markaðsmisnotkunarbrot. Er þar sérstaklega vísað til taflna í ákæru yfir viðskipti EVK á einstaka viðskiptadögum og til þeirrar staðreyndar að á þeim 229 viðskiptadögum á íslenska markaðnum, sem ákæran tekur til, voru kaup EVK umfram sölu yfir 25% af heildarveltunni í 148 daga, yfir 50% af heildarveltunni í 75 daga og yfir 75% af heildarveltunni í 20 daga. Á þeim 234 viðskiptadögum á sænska markaðnum, sem ákæran tekur til, voru kaup EVK umfram sölu yfir 25% af heildarveltunni í 127 daga, yfir 50% af heildarveltunni í 58 daga og yfir 75% af heildarveltunni í 8 daga.

Kaup EVK umfram sölu, á hlutabréfum í Kaupþingi, í lokunaruppboðum í Kauphöllinni og kauphöllinni í Svíþjóð og rétt fyrir lokunaruppboð, voru fjölmarga viðskiptadaga svo hátt hlutfall af heildarveltu með hlutabréf í bankanum á þessum tímabilum að háttsemi ákærðu hvern þessara viðskiptadaga er í eðli sínu sjálfstætt markaðsmisnotkunarbrot.

Samtals námu kaup EVK á hlutabréfum í Kaupþingi umfram sölu í sjálfvirkum pörunarviðskiptum á tímabilinu á íslenska og sænska markaðnum samanlagt um 23% af útgefnum hlutafé Kaupþings eða 169.786.177 hlutum af samtals 740.453.053 útgefnum hlutum.

Samkvæmt þágildandi ákvæði 1. mgr. 29. gr. laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, mátti fjármálafyrirtæki ekki, án samþykkis Fjármálaeftirlitsins, eiga eða taka að veði eigin hlutabréf, sem nam hærri fjárhæð en 10% af nafnverði innborgaðs hlutafjár fyrirtækisins. Eignaðist fyrirtækið meira af hlutafénu, svo sem með kaupum eða fyrir annað framsal, skyldi það selja hlutabréfin þannig að lögmæltu marki væri náði innan þriggja mánaða. Brot gegn ákvæðinu varðaði stjórnvaldssektum, sbr. 8. tölul. 1. mgr. 110. gr. laganna. Ákvæði 55. gr. laga um hlutafélög, nr. 2/1995, hafði að geyma samsvarandi reglu en brot gegn ákvæðinu varðaði allt að tveggja ára fangelsi, sbr. 2. tölul. 153. gr. sömu laga.

Samkvæmt úttekt innri endurskoðunar Nýja Kaupþings banka hf. fór Kaupþing yfir umrædd mörk á tímabilinu frá og með 1. nóvember 2007 til og með 8. október 2008. Kaupþing var yfir mörkunum á fjórum tímapiptum á tímabilinu: 31.12.2007, 30.6.2008, 31.8.2008 og 30.9.2008. Þótt bankanum hafi þannig ekki tekist að halda sig innan lögmæltra marka var samþykkis Fjármálaeftirlitsins ekki leitað og umfangsmiklum kaupum á eigin hlutabréfum haldið áfram. Ekki reyndist unnt að fá upplýsingar um veðsetningu og eign Kaupþings í eigin bréfum á öðrum tímapiptum en að framan greinir.

Þágildandi ákvæði 93. gr. vvl., hafði að geyma fyrirmæli um flöggunarskyldu, þ.e. um skyldu til að birta opinberlega hlutfall eigin hluta ef öflunin eða ráðstöfunin leiddi til þess að hlutfallið hækkaði yfir eða lækkaði niður fyrir 5% eða 10% atkvæðisréttar. Lögð var áhersla á það af hálfu stjórnenda bankans að fara ekki yfir 5% flöggunarmörkin þar sem þeir vildu ekki vekja athygli markaðarins á miklum kaupum bankans á eigin hlutabréfum.

Þá kom það sér illa fyrir Kaupþing að eiga mikið magn af eigin hlutabréfum því að samkvæmt þágildandi ákvæði 4. og 5. mgr. 84. gr. laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002,

bar að draga frá eiginfjárbætti A, sem er hluti af eiginfjárgrunni fjármálafyrirtækis, bókfært verð eigin hlutabréfa. Miklir hagsmunir voru því í húfi fyrir bankann að losna við eigin hlutabréf fyrir ársfjórðungsleg uppgjör.

Þar sem sala EVK á hlutabréfum í Kaupþingi í sjálfvirkum pörunarviðskiptum í kauphöllunum hefði stóraukið framboð þeirra og leitt til verðlækkunar gripu ákærðu, Hreiðar Már, Sigurður og Ingólfur, til annarra ráða til að losna við eigin hlutabréf bankans með fulltingi ákærða Magnúsar og er stærstu ráðstöfununum lýst hér á eftir. Sú háttsemi ákærðu sem lýst er í köflum II-III í ákæru var hluti af framangreindum ráðstöfunum til að losa Kaupþing við eigin hlutabréf án þess að valda verðlækkun á þeim.

1. Sala Kaupþings á 12.103.333 hlutum í bankanum til Giftar fjárfestingarfélags ehf. í utanþingsviðskiptum 11. desember 2007. Viðskiptin voru fjármögnuð að fullu með lánum frá Kaupþingi.
2. Sala Kaupþings á 25.700.000 hlutum í bankanum til Holt Investment Group Ltd. í utanþingsviðskiptum 8., 12. og 29. febrúar 2008 og 11. september 2008. Viðskiptin voru fjármögnuð að fullu með lánum frá Kaupþingi, sbr. II. kafla A og III. kafla A í ákæru.
3. Sala Kaupþings á 5.000.000 hlutum í bankanum til Fjárfestingafélagsins Mata ehf. í utanþingsviðskiptum 25. mars 2008. Viðskiptin voru fjármögnuð að fullu með láni frá Kaupþingi, sbr. II. kafla B og III. kafla B í ákæru.
4. Sala Kaupþings á 17.849.500 hlutum í bankanum til Desulo Trading Ltd. í utanþingsviðskiptum í maí, júní, júlí, ágúst og september 2008. Viðskiptin voru fjármögnuð að fullu með lánum frá Kaupþingi, sbr. II. kafla C og III. kafla C í ákæru.
5. Sala Kaupþings á 18.500.000 hlutum í bankanum til Crosslet Vale Ltd. í utanþingsviðskiptum 11. júní 2008. Viðskiptin voru fjármögnuð að fullu með láni frá Kaupþingi.
6. Sala Kaupþings á 16.700.000 hlutum í bankanum til Kevin Gerald Stanford í utanþingsviðskiptum 7., 8. og 11. ágúst 2008. Viðskiptin voru fjármögnuð að fullu með láni frá Kaupþingi, sbr. III. kafla D í ákæru.
7. Sala Kaupþings á 37.100.000 hlutum í bankanum til Q Iceland Finance ehf. (Al Thani-viðskiptin) í utanþingsviðskiptum 22. september 2008. Viðskiptin voru fjármögnuð að fullu með lánum frá Kaupþingi. Ákæra í málinu var gefin út 16. febrúar 2012 og er sakamálið rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Með þessum hætti losnaði Kaupþing við 131.103.333 eigin hluti en á tímabilinu keyptu EVK í sjálfvirkum pörunarviðskiptum 129.698.143 hluti umfram sölu á íslenska markaðnum. Í framangreindum utanþingsviðskiptum var viðskiptavinum Kaupþings boðið að kaupa hlutabréf í Kaupþingi gegn fullri fjármögnun bankans og að jafnaði var aðeins gerð krafa um veð í hinum seldu hlutabréfum til tryggingar endurgreiðslu lánsins. Markaðsáhætta kaupenda af kaupum á hlutabréfunum var því lítil eða engin en þess í stað sat Kaupþing uppi með hana.

Þessi utanþingsviðskipti fóru að jafnaði fram með fáum stórum sölum og höfðu lítil sem engin áhrif á verðmyndun hlutabréfa í Kaupþingi gagnstætt því sem hefði átt sér stað ef hlutabréfin hefðu verið seld í sjálfvirkum pörunarviðskiptum til óháðs þriðja aðila. Voru viðskiptin ýmist innan verðbils og höfðu þannig lítil áhrif á verðmyndun hlutabréfa í Kaupþingi eða utan verðbils og höfðu þá engin áhrif á verðmyndun hlutabréfa í bankanum. Þessi utanþingsviðskipti voru þannig bæði afleiðing stórfelldrar og kerfisbundinnar markaðsmisnotkunar ákærðu og forsenda þess að ákærðu gætu haldið henni áfram.

Verulegt uppsafnað tap varð af viðskiptunum eða rúmlega 6,3 milljarðar króna og er það til marks um að lögmæt viðskiptasjónarmið réðu ekki för í viðskiptum EVK með hlutabréf í Kaupþingi á tímabilinu. Það tap var þó smávægilegt í samanburði við það útlánatap sem hlaust af sölu Kaupþings á hinu uppsafnaða hlutafé í utanþingsviðskiptum sem fjármögnuð voru að fullu eða að stærstum hluta með lánum frá bankanum. Lánveitingar þær sem ákært er fyrir í III. kafla ákærunnar eru dæmi um slíkt.

2 Markaðsmisnotkun – ólögmæt íhlutun í gangverk verðbréfamarkaðarins

Verðmyndun hlutabréfa sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði, eins og hlutabréf í Kaupþingi höfðu verið, ræðst af viðskiptum sem þar eiga sér stað eða eftir atvikum tilboðum sem þar eru sett fram. Þegar framboð á tilteknum hlutabréfum er meira en eftirspurn lækkar verðið en ef eftirspurn er meiri en framboð hækkar verðið. Ef jafnvægi er milli framboðs og eftirspurnar stendur verðið hins vegar í stað. Á verðbréfamörkuðum er sérstök áhersla lögð á að sömu upplýsingar séu tiltækar öllum sem þar stunda viðskipti. Samkvæmt lögum um verðbréfavíðskipti, nr. 108/2007, er útgefendum þannig skylt að veita markaðnum upplýsingar sem geta haft áhrif á verð verðbréfanna og kunna að auðvelda fjárfestum að verðmeta verðbréfin. Jafnframt þurfa aðilar sem eiga í viðskiptum að veita upplýsingar um viðskipti sín á milli (upplýsingar að loknum viðskiptum) og, ef um skipulegan verðbréfamarkað er að ræða, einnig um tilboð sem lögð eru fram (upplýsingar fyrir viðskipti). Lögunum er ætlað að tryggja eðlilega og heilbrigða verðmyndun verðbréfa og að verð þeirra endurspegli raunverulegt framboð og eftirspurn á markaði. Mikilvægt er að unnt sé að treysta því að verðið sem verður til í viðskiptum með verðbréf sé sanngjarn mælikvarði á virði þeirra. Verðið má telja sanngjarnt ef það hefur orðið til í viðskiptum tveggja óháðra aðila með gagnstæða hagsmuni, seljanda sem vill fá sem hæst verð og kaupanda sem vill greiða sem lægst verð.

Markaðsmisnotkun felur í sér ólögmæta íhlutun í verðmyndun á verðbréfamarkaði sem hefur áhrif á gangverk markaðarins. Eitt af meginmarkmiðum reglna um markaðsmisnotkun er að auka traust fjárfesta og almennings á fjármálamörkuðum með því að banna slíka íhlutun og tryggja sanngjarna og eðlilega verðmyndun, sbr. t.d. 12. gr. formála tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/6/EB um innherjasvik og markaðsmisnotkun (hér eftir markaðssvikatilskipunin). Skaðsemi markaðsmisnotkunar er almennt talin felast í því að hún rýri traust á verðbréfamarkaði en traust er forsenda þess að slíkir markaðir geti þrífist og dafnað.

3 Sjálfvirk pörunarviðskipti og utanþingsviðskipti

I. kafli ákæru snýr eingöngu að viðskiptum og tilboðum sem starfsmenn EVK framkvæmdu fyrir eigin reikning bankans. Þar af leiðandi tekur kaflinn ekki til viðskipta eða tilboða sem starfsmenn Kaupþings önnuðust fyrir hönd viðskiptavina bankans, t.d. í gegnum verðbréfamíðlun eða einkabankþjónustu. Í ákæru er gerður greinarmunur á viðskiptum Kaupþings í sjálfvirkum pörunarviðskiptum og utanþingsviðskiptum, sem einnig eru nefnd tilkynnt viðskipti. Með sjálfvirkum pörunarviðskiptum er átt við ferli í viðskiptakerfi Kauphallarinnar þar sem kaup- og sölutilboð eru pöruð sjálfkrafa saman þegar verð, magn og önnur skilyrði í tilteknu tilboði (t.d. kauptilboði) samsvara öðru tilboði (t.d. sölutilboði) sem áður hefur verið skráð í tilboðabók. Sjálfvirk pörunarviðskipti eiga sér stað með rafrænum hætti. Undir sjálfvirk pörunarviðskipti falla öll pörunarviðskipti sem eiga sér stað á daglegum viðskiptatíma, sem skiptist í opnunaruppboð, samfelldan viðskiptatíma og lokunaruppboð. Með utanþingsviðskiptum er átt við viðskipti sem stofnað er til utan viðskiptakerfis kauphallar sem í kjölfarið eru tilkynnt til kauphallar.

Öll viðskipti með verðbréf á skipulegum verðbréfamarkaði eru til þess fallin að hafa áhrif á verð viðkomandi verðbréfa. Sjálfvirk pörunarviðskipti eru helsti drifkraftur verðmyndunar á skipulegum verðbréfamarkaði. Þrátt fyrir að utanþingsviðskipti geti numið umtalsverðum fjárhæðum eru áhrif þeirra á verðmyndun í heild óveruleg og skammvinn í samanburði við áhrif af sjálfvirkum pörunarviðskiptum og þá aðeins þegar viðskipti eru innan verðbils, þ.e. á bilinu milli hæsta kauptilboðs og lægsta sölutilboðs, þegar tilkynning um utanþingsviðskiptin berst kauphöll.

4 Aðstaða ákærðu á tímabilinu frá og með 1. nóvember 2007 til og með 8. október 2008

Ákærði Hreiðar Már var forstjóri Kaupþings samstæðunnar. Í reglubók Kaupþings (*e. Internal Control and Procedural Handbook*), sem samþykkt var af stjórn bankans 27. september 2007, er tekið fram að forstjóri samstæðunnar sé ábyrgur fyrir sérstökum fjárfestingarmörkum fyrir stöður sem eru í sumum tilvikum ætlaðar til meðallangs tíma og í öðrum tilvikum stöður með mögulegan stefnumótandi tilgang. Slíkar fjárfestingar þurfi sérstakt samþykki frá forstjóra samstæðu eða starfandi stjórnarformanni. Hreiðar var varaformaður og sat í lánanefnd stjórnar bankans (*e. Board Credit Committee, BCC*), ædstu lánanefnd Kaupþings, sem og lánanefnd samstæðu (*e. Group Credit Committee, GCC*). Lánanefnd stjórnar tók ákvarðanir um lánveitingar sem voru 165 milljónir evra eða hærri, allt að 25% af eiginfjárgrunni bankans. Eitt meginverkefna Hreiðars Mús í störfum hans fyrir Kaupþing fólst í að kynna bankann og finna nýja fjárfesta. Þá fékk Hreiðar Már sendan tölvupóst nánast daglega frá og með 11. febrúar 2008 og fram að falli bankans með samantekt yfir stöðu dagsins, annars vegar á viðskiptum með hlutabréf í Kaupþingi hérlendis og hins vegar í Svíþjóð.

Ákærði Sigurður var starfandi stjórnarformaður Kaupþings. Stjórnin ákvað meðal annars fjárfestingarmörk bankans í tengslum við markaðsáhættu. Þurfti sérstakt samþykki frá starfandi stjórnarformanni bankans eða forstjóra fyrir sérstökum fjárfestingarmörkum fyrir stöður sem ætlaðar voru til meðallangs tíma eða með mögulegan stefnumótandi tilgang. Sigurður var einnig formaður lánanefndar stjórnar bankans. Eins og áður sagði tók nefndin ákvarðanir um lánveitingar sem voru 165 milljónir evra eða hærri, allt að 25% af eiginfjárgrunni bankans. Eitt meginverkefna Sigurðar í störfum hans fyrir Kaupþing fólst í að kynna bankann ásamt Hreiðari Má og finna nýja fjárfesta. Eins og Hreiðar Már fékk Sigurður sendan tölvupóst nánast daglega frá og með 11. febrúar 2008 og fram að falli bankans með samantekt yfir stöðu dagsins, annars vegar á viðskiptum með hlutabréf í Kaupþingi hérlendis og hins vegar í Svíþjóð.

Ákærði Ingólfur var forstjóri Kaupþings á Íslandi. Ingólfur sat í og stýrði einni af þremur helstu lánanefndum bankans, hinni íslensku lánanefnd (*e. Icelandic Credit Committee, ICC*). Nefndin hafði heimild til þess að samþykkja útlán allt að einum milljarði króna. Honum var falið af yfirmönnum sínum, Sigurði og Hreiðari Má, að hafa daglega yfirsýn yfir eigin viðskipti bankans og eftir atvikum að leggja starfsmönnum EVK línurnar í daglegum viðskiptum með hliðsjón af stöðunni á hverjum tíma.

Ákærði Magnús var forstjóri Kaupthing Bank Luxembourg S.A. í Lúxemborg, dótturfélags Kaupþings. Honum var ítrekað falið af forsvarsmönnum samstæðunnar að finna kaupendur að eigin bréfum bankans og stýra samningaviðræðum við þá um sölu hlutabréfanna með fjármögnun bankans.

Ákærði Einar Pálmi var forstöðumaður EVK. Samkvæmt opinberum upplýsingum frá Kaupþingi báru EVK ábyrgð á stöðutöku bankans í hlutabréfum, skuldabréfum og skráðum afleiðum ásamt því að sinna viðskiptavakt með hlutabréf og skuldabréf. Stöðutaka bankans byggðist á því að kaupa og selja skráð hlutabréf og skuldabréf fyrir eigin reikning Kaupþings en tilgangur með stöðum vegna eigin viðskipta og viðskiptavakta er að hagnast á skammtímabreytingum á markaðsvirði þeirra eða öðrum verð- eða vaxtabreytingum, sbr. 2. mgr. 5. gr. reglna um eiginfjárkröfur og áhættugrunn fjármálafyrirtækja, nr. 215/2007.

Ákærðu, Birnir Sær og Pétur Kristinn, voru starfsmenn EVK og meginhlutverk þeirra var að eiga viðskipti fyrir eigin reikning bankans í skráðum innlendum hlutabréfum.

Ákærðu, Björk og Bjarki, voru nefndarmenn í lánanefnd samstæðu. Þá var Bjarki framkvæmdastjóri útlána hjá bankanum og sá iðulega um að kynna lánamál fyrir lánanefnd stjórnar.

5 Fjárhagslegir hagsmunir ákærðu og Kaupþings af hlutabréfaverði bankans

Fjárhagslegir hagsmunir Kaupþings af verði hlutabréfa í bankanum, sem og þeirra sem ákærðir eru fyrir markaðsmisnotkun, voru verulegir.

Kaupþing, sem útgefandi hlutabréfanna, hafði ríka hagsmuni af því að verð hlutabréfa í bankanum héldist sem hæst þar sem hátt hlutabréfaverð var til þess fallið að hafa jákvæð áhrif á ímynd bankans gagnvart almenningi sem traustrar og trúverðugar fjármálastofnununar. Þá var hátt hlutabréfaverð einnig líklegt til að laða að nýja fjárfesta og viðskiptavini og hafa jákvæð áhrif í samskiptum bankans við lánveitendur. Auk þess tók Kaupþing í miklum mæli veð í eigin hlutabréfum sem tryggingu fyrir endurgreiðslu lána bankans til viðskiptavina. Lækkandi hlutabréfaverð var því til þess fallið að hafa neikvæð áhrif á gæði útlánasafns bankans og versnandi tryggingastaða útlána gat skapað aukna afskriftaþörf sem rýrt hefði afkomu bankans verulega og jafnframt haft mikil áhrif á eiginfjárlutfall bankans.

Ákærðu höfðu einnig verulega persónulega hagsmuni af því að verð hlutabréfa í Kaupþingi héldist sem hæst.

Ákærði Hreiðar Már átti engin hlutabréf persónulega í Kaupþingi þann 30. september 2008 þar sem hann hafði árið 2006 fært hlutabréfaeign sína og skuldir henni tengdar yfir í félagið Hreiðar Már Sigurðsson ehf. Hlutabréf sem hann keypti eftir þann tíma voru færð jafnóðum yfir í félagið. Við fall bankans átti félagið 8.047.239 hluti í Kaupþingi. Upphaflega, eða þann 6. október 2000, var gerður samningur við Hreiðar Má um kauprétt að 4.000.000 hlutum og gat Hreiðar Már nýtt rétt sinn í fimm ár frá undirritun samningsins. Á aðalfundi Kaupþings í mars 2004 var ákveðið að veita Hreiðari Má kauprétti að 812.000 hlutum í Kaupþingi á ári í fimm ár, eða til ársins 2008. Á aðalfundi Kaupþings í mars 2007 var samþykkt að framlengja árlega kauprétti Hreiðars Má að 812.000 hlutum í Kaupþingi fyrir árin 2009, 2010 og 2011. Þann 6. ágúst 2008 nýtti Hreiðar Már árlegan kauprétt frá árinu 2004 að 812.000 hlutum á genginu 303 eða fyrir alls 246.774.458 krónur með þóknun. Um leið og viðskiptin höfðu gengið í gegn seldi Hreiðar Már framangreind hlutabréf en kaupandi þeirra var félag í hans eigu, Hreiðar Már Sigurðsson ehf. Fjármagnaði Kaupþing kaup félagsins að fullu. Gengi viðskiptanna var 704 og kaupverð þeirra þar af leiðandi 571.648.350 krónur með þóknun. Hagnaður Hreiðars af viðskiptunum var alls 324.873.892 krónur.

Ákærði Sigurður átti 8.992.423 hluti í Kaupþingi þann 30. september 2008. Upphaflega, eða þann 11. október 2000, voru gerðir samningar við Sigurð um kauprétt að 8.500.000 hlutum

og gat Sigurður nýtt rétt sinn í fimm ár frá undirritun samningsins. Á aðalfundi Kaupþings í mars 2004 var ákveðið að veita Sigurði kauprétti að 812.000 hlutum í Kaupþingi á ári í fimm ár, eða til ársins 2008. Á aðalfundi Kaupþings í mars 2007 var samþykkt að framlengja árlega kauprétti Sigurðar að 812.000 hlutum í Kaupþingi fyrir árin 2009, 2010 og 2011.

Ákærði Ingólfur átti 3.724.883 hluti í Kaupþingi þann 30. september 2008. Upphaflega, eða þann 10. október 2000, voru gerðir samningar við Ingólf um kauprétt að 1.500.000 hlutum og gat Ingólfur nýtt rétt sinn í fimm ár frá undirritun samningsins. Þann 16. nóvember 2005 var Ingólfi veittur kaupréttur að alls 57.000 hlutum fyrir árin 2007, 2008 og 2009. Sama dag var Ingólfi veittur kaupréttur að 3.000 hlutum án þess að tilgreint væri fyrir hvaða ár kauprétturinn gildi. Hinn 29. desember 2006 var Ingólfi veittur kaupréttur að 400.000 hlutum í Kaupþingi fyrir árin 2010-2012.

Ákærði Magnús átti 3.442.500 hluti í Kaupþingi þann 30. september 2008. Upphaflega, eða þann 6. október 2000, var gerður samningur við Magnús um kauprétt að 1.500.000 hlutum fyrir árin 2001-2005. Með kaupréttarsamningi dagsettum 10. nóvember 2003 var Magnúsi veittur kaupréttur að 750.000 hlutum í Kaupþingi en rétturinn virðist hafa verið nýttur þann 19. nóvember 2003. Þann 15. nóvember 2005 var Magnúsi veittur kaupréttur að alls 60.000 hlutum fyrir árin 2007, 2008 og 2009. Þann 29. desember 2006 var Magnúsi veittur kaupréttur að alls 1.000.000 hlutum fyrir árin 2010, 2011 og 2012. Sama dag var Magnúsi veittur kaupréttur að 400.000 hlutum fyrir árin 2010, 2011 og 2012.

Ákærði Einar Pálmi átti 225.033 hluti í Kaupþingi þann 30. september 2008. Í ráðningarsamningi Einars Pálma, dagsettum 18. janúar 2007 kom fram að Einari Pálma bauðst að vera þátttakandi í fimm ára kaupréttarkerfi stjórnenda Kaupþings. Þann 29. desember 2006 var gerður samningur við Einar Pálma um kauprétt að 200.000 hlutum fyrir árin 2010, 2011 og 2012.

Ákærði Birnir Sær átti 613 hluti í Kaupþingi þann 30. september 2008. Upphaflega, eða þann 16. nóvember 2005, var Birni veittur kaupréttur að samtals 12.000 hlutum fyrir árin 2007, 2008 og 2009. Sama dag var Birni veittur kaupréttur að 3.000 hlutum án þess að tilgreint væri fyrir hvaða ár kauprétturinn gildi. Hinn 29. desember 2006 var Birni veittur kaupréttur að 30.000 hlutum í Kaupþingi fyrir árin 2010, 2011 og 2012. Á starfstíma sínum hjá Kaupþingi átti Birnir mest 5.000 hluti í lok mars 2007 en seldi þá alla í byrjun árs 2008.

Ákærði Pétur Kristinn átti 546 hluti í Kaupþingi þann 30. september 2008. Ákærvaldið hefur ekki undir höndum gögn um að Pétri hafi verið veittur kaupréttur að hlutabréfum í Kaupþingi. Pétur kvaðst í skýrslutöku hafa eignast hlutabréf í bankanum í kjölfar þess að óánægju hefði gætt vegna bónus úthlutana til starfsmanna EVK en þá var þeim boðið að fá 1.000.000 krónur greiddar út með hlutabréfum í bankanum, sem hann þáði. Hlutabréfunum fylgdi sú kvöð að eigendum var ekki heimilt að selja hlutabréfin fyrir en að ákveðnum tíma liðnum. Þá kvaðst Pétur hafa keypt hlutabréf í bankanum árið 2008 fyrir 2-300.000 krónur.

6 Röksemdir sem varða I. kafla ákæru

Í I. kafla ákæru er ákærðu, Hreiðari Má, Sigurði, Ingólfi, Einari Pálma, Birni Sæ og Pétri Kristni, gefið að sök að hafa í sameiningu í störfum sínum fyrir Kaupþing komið í veg fyrir eða tafið fyrir lækkun á verði hlutabréfa í Kaupþingi á tímabilinu með umfangsmiklum kaupþilboðum og kaupum á hlutabréfunum fyrir eigin reikning bankans í sjálfvirkum pörunarviðskiptum og myndað með því gólf í verðmyndun á hlutabréfum í bankanum.

Ákærðu, Hreiðar Már og Sigurður, voru æðstu stjórnendur Kaupþings. Þeir, ásamt ákærða Ingólfi, lögðu línurnar varðandi þá háttsemi sem lýst er í I. kafla ákæru. Ákærðu, Hreiðar Már, Sigurður og Ingólfur, fengu reglulega sendan tölvupóst með upplýsingum um dagleg viðskipti EVK með hlutabréf útgefin af Kaupþingi en ákærði Einar Pálmi hafði beinan aðgang að slíkum upplýsingum.

Ákærðu, Ingólfur og Einar Pálmi, gáfu meðákærðu, Birni Sæ og Pétri Kristni, ýmist bein eða almenn fyrirmæli og höfðu samráð við þá um að framkvæma þá háttsemi sem lýst er hér að framan á grundvelli fyrirmæla sem ákærði Ingólfur fékk frá meðákærðu, Sigurði og Hreiðari Má og samráðs við þá.

Ákærðu Birnir Sær og Pétur Kristinn settu fram, fyrir hönd EVK, langstærstan hluta þeirra viðskipta og tilboða sem I. kafli ákærunnar lýtur að.

6.1 Háttsemi ákærðu

Eins og að framan greinir höfðu ákærðu í sameiningu í frammi háttsemi sem fólst í því að mynda gólf í verðmyndun á hlutabréfum í Kaupþingi og tryggja þannig óeðlilegt verð eða búa til verð á hlutabréfunum. Að auki voru tilboðin og viðskiptin líkleg til að gefa eftirspurn og verð hlutabréfanna ranglega og misvísandi til kynna.

6.1.1 Gólf í verðmyndun

Vísað er til svokallaðra CESR leiðbeiningarreglna nr. 04-505b sem gefnar voru út af Samstarfsnefnd evrópskra eftirlitsaðila (á ensku *The Committee of European Securities Regulators* (nefnist nú ESMA)) sem framkvæmdastjórn Evrópusambandsins setti á stofn. Hlutverk nefndarinnar var meðal annars að samræma framkvæmd fyrrnefndrar markaðssvikatilskipunar og gaf nefndin í þeim tilgangi út fyrrnefndar samræmandi leiðbeiningarreglur. Leiðbeiningarreglurnar hafa mikla þýðingu varðandi mat á refsináemi háttsemi ákærðu, ekki síst í ljósi þess að 117. gr. vvl. er byggð á 2. mgr. 1. gr. markaðssvikatilskipunarinnar. Í reglunum er meðal annars leitast við að skýra hvers kyns viðskipti og tilboð hafi þau áhrif að tryggja óeðlilegt verð á fjármálagerningi. Í d-lið ákvæðis 4.12, undir fyrirsögninni *tryggja verð* er að finna lýsingu á því hvað telst vera gólf í verðmyndun. Samkvæmt ákvæðinu er háttsemin líklegust að eiga sér stað af hálfu útgefanda fjármálagerninga eða þeirra sem stjórna þeim og felur í sér viðskipti eða tilboð sem eru framkvæmd með þeim hætti að settar eru upp hindranir til að hlutabréfaverðið fari ekki niður fyrir ákveðin mörk, aðallega til þess að komast hjá neikvæðum afleiðingum hvað varðar hlutafé þeirra eða lánshæfismat.

Gólf í verðmyndun getur falist í því að halda verði tiltekinn hlutabréfa yfir eða við ákveðin mörk með umfangsmiklum kaupum á hlutabréfum. Jafnframt getur verðgólf falist í því að draga úr lækkun hlutabréfaverðs með umfangsmiklum kaupum, jafnvel þótt hlutabréfaverðið lækki. Þannig myndar verðgólf ekki endilega lárétt og stöðugt verð á hlutabréfum heldur kemur það í veg fyrir eða tefur fyrir lækkun á verði hlutabréfa. Þessu til stuðnings er vísað til dóms Evrópudómstólsins frá 7. júlí 2011 í máli nr. C-445/09 (IMC Securities) þar sem dómstóllinn tók til skoðunar hvort orðalag síðari másl. a-liðar 2. mgr. 1. gr. markaðssvikatilskipunarinnar, sem svarar til b-liðar 1. tölul. 1. mgr. 117. gr. vvl., feli í sér kröfu um að verð fjármálagerninga, þ.m.t. hlutabréfa, þurfi að haldast stöðugt í ákveðinn tíma til að um brot gegn ákvæðinu geti verið að ræða. Samkvæmt dóminum telst það vera markaðsmisnotkun ef leitast er við að ná fram ákveðnu verði í andstöðu við það sem myndi annars hafa gerst á markaðnum og að hægt sé að tryggja óeðlilegt verð með viðskiptum og tilboðum endrum og sinnum ef þessi viðskipti og tilboð eru hugsuð sem inngríp í

verðmyndun. Framangreint fær einnig stoð í athugasemdum sem fylgdu frumvarpi því sem síðar varð að lögum nr. 31/2005 um breytingu á þágildandi lögum um verðbréfavíðskipti, nr. 33/2003. Með lögunum var nýrri grein, sem svarar til b-liðar 1. tölul. 1. mgr. 117. gr., bætt við lög um verðbréfavíðskipti en í athugasemdum við greinina sagði að sú háttsemi sem nú er lýst í b-lið miði að því að „verð fjármálagerninga byggist á öðrum forsendum eða lögmálum en þeim sem liggja að baki eðlilegri verðmyndun á skipulegum verðbréfamarkaði og gefur því aðra mynd af framboði, eftirspurn eða verði en þeirri sem felst í eðlilegri verðmyndun skipulegs verðbréfamarkaðar.“ Samkvæmt framansögðu getur verið um verðgólf að ræða þótt ekki takist að stöðva lækkun á verði hlutabréfa.

6.1.2 Hátt hlutfall tilboða og víðskipta

Í a-lið 8. gr. reglugerðar um innherjaupplýsingar og markaðssvik, nr. 630/2005, segir að við mat á því hvort um markaðsmisnotkun sé að ræða, í formi rangra eða misvísandi upplýsinga eða sem tryggi óeðlilegt verð, skuli meðal annars litið til þess hversu stórt hlutfall tilboð eða víðskipti eru af daglegri meðalveltu víðkomandi fjármálagernings á víðkomandi skipulegum verðbréfamarkaði. Kemur það því til sérstakrar skoðunar.

Þegar framboð á hlutabréfum í Kaupþingi jókst umfram eftirspurn annarra markaðsaðila juku EVK að jafnaði kautilboð og kaup á hlutabréfunum í sjálfvirkum pörunarvíðskiptum. Á tímabilinu voru kaup EVK á hlutabréfum í Kaupþingi mun meiri en sala í öllum mánuðum. Samtals voru kaupin á íslenska markaðnum um 42,3% af heildarveltunni, sem jafngildir daglegri meðalveltu, en salan aðeins um 1,5% af heildarveltunni. Á sænska markaðnum voru kaup EVK um 30,9% af heildarveltunni en salan um 7,6% af heildarveltunni. Jafnframt var hlutfall kautilboða EVK í hlutabréf í Kaupþingi á íslenska markaðnum stór hluti af heildarmagni kautilboða. Á sama tímabili var hlutfall sölutilboða EVK í hlutabréfin á íslenska markaðnum af heildarmagni sölutilboða smávægilegt.

Þrátt fyrir mikil og vaxandi kaup EVK á hlutabréfum í Kaupþingi á íslenska markaðnum lækkaði hlutabréfaverðið hratt frá byrjun nóvember 2007, þegar það var 1090 krónur á hlut, og fram í miðjan febrúar 2008 þegar það var komið niður í 700 krónur á hvern hlut. Með miklum hlutabréfakaupum næstu mánuði, sem náðu hámarki í júní 2008 þegar kaup EVK umfram sölu námu suma dagana yfir 70% af heildarveltu með hlutabréf í Kaupþingi, tókst ákærðu í upphafi að hækka verðið aftur og síðan að halda því nokkuð stöðugu. Hinn 12. júní 2008 var hlutabréfaverðið þó komið niður í 748 krónur á hvern hlut þrátt fyrir gríðarlega mikil kaup dagana á undan. Frá þeim tíma og fram undir lok september 2008 tókst ákærðu með mjög miklum kaupum umfram sölu, eða sem námu 60% af heildarveltu í júní, 58% af heildarveltu í júlí, 67% af heildarveltu í ágúst og 61% af heildarveltu í september, að halda verði hlutabréfa í Kaupþingi nokkuð stöðugu. Var verðið enn yfir 750 krónum á hvern hlut við lok víðskiptadags 26. september 2008 eða nánast það sama og þremur og hálfum mánuði áður. Síðustu víðskiptadagana fyrir fall Kaupþings, eða frá 29. september til 8. október 2008, jókst framboð á hlutabréfum í Kaupþingi margfalt og kaup EVK að sama skapi. Hlutfall kaupa EVK umfram sölu á hlutabréfum í bankanum nam um 76% þessa daga og allt upp í 83% 30. september 2008, daginn eftir að tilkynnt var um að ríkið yrði eigandi að 75% eignarhlut í Glitni banka hf. Þrátt fyrir gríðarlegt framboð af hlutabréfum tókst ákærðu svo vel að verja gengi hlutabréfanna að verðið var enn um 654 krónur á hvern hlut þegar bankinn féll og hlutaféð varð einskis virði. Alls voru kaup EVK umfram sölu þessa sex daga rúmlega 17% af heildar kaupum EVK umfram sölu á öllu tímabilinu. Kostnaður Kaupþings af kaupum á eigin hlutabréfum þessa sex daga var meira en 14 milljarðar króna.

Á sænska markaðnum var þróun á gengi Kaupþings og viðskiptaháttsemi EVK með svipuðu sniði og á þeim íslenska. Tekið skal fram að þegar tölur varðandi sænska markaðinn eru skoðaðar þarf að taka tillit til breytinga á gengi íslensku krónunnar á tímabilinu. Hlutabréfaverðið lækkaði hratt frá byrjun nóvember 2007, þegar það var 117,5 sænskar krónur á hlut, og fram í miðjan mars 2008 þegar það var komið í 51 sænska krónu á hvern hlut. Með miklum hlutabréfakaupum í byrjun árs 2008 sem náðu hámarki í febrúar 2008, þegar kaup EVK umfram sölu námu suma dagana yfir 80% af heildarveltu með hlutabréf í Kaupþingi, tókst ákærðu í upphafi að hækka verðið aftur en síðan að halda því nokkuð stöðugu. Hinn 23. júní 2008 var hlutabréfaverðið þó komið niður í 56 sænskar krónur á hvern hlut. Frá þeim tíma og fram undir lok ágúst 2008 tókst ákærðu með miklum kaupum umfram sölu, eða sem námu 18% af heildarveltu í júní, 35% af heildarveltu í júlí, 46% af heildarveltu í ágúst og 46% af heildarveltu í september, að halda verði hlutabréfa í Kaupþingi nokkuð stöðugu og var það enn yfir 52 sænskum krónum á hvern hlut við lok viðskiptadags 26. september 2008. Síðustu viðskiptadagana fyrir fall Kaupþings, eða frá 29. september til 8. október 2008, jókst framboð á hlutabréfum í Kaupþingi á sænska markaðnum töluvert og kaup EVK að sama skapi. Hlutfall kaupa EVK umfram sölu á hlutabréfum í bankanum nam um 54% hlutabréfa í bankanum þessa daga og allt upp í 76% 6. október 2008 en þá voru viðskipti með hlutabréf á íslenska markaðnum stöðvuð. Alls voru kaup EVK umfram sölu þessa sjö daga á sænska markaðnum rúmlega 13% af heildar kaupum EVK umfram sölu á öllu tímabilinu. Kostnaður Kaupþings af kaupum á eigin hlutabréfum þessa sjö daga var meira en 3,5 milljarðar króna.

Með þessum langvarandi, umfangsmiklu og kerfisbundnu kautilboðum og kaupum á hlutabréfum í Kaupþingi í sjálfvirkum pörunarviðskiptum mynduðu ákærðu verðgólf með hlutabréf í Kaupþingi, eins og lýst er í fyrnefndum CESR leiðbeiningarreglum. Með óhóflegum kaupum á hlutabréfum í Kaupþingi trufluðu ákærðu gangverk verðmyndunar á hlutabréfunum og tryggðu þannig óeðlilegt verð á þeim, í skilningi b-liðar 1. tölul. 1. mgr. 117. gr. vvl., þ.e. annað verð en verið hefði á hlutabréfunum ef ákærðu hefðu ekki handstýrt verðinu. Verðmyndun hlutabréfanna byggðist þannig á öðrum forsendum og lögmálum en þeim sem liggja að baki eðlilegri verðmyndun á skipulegum verðbréfamarkaði. Var íhlutun ákærðu í gangverk markaðarins stórfellt á alla mælikvarða.

Til marks um það hversu óvenjuleg viðskiptahegðun EVK var, hvað varðar kaup þeirra á hlutabréfum í Kaupþingi og langt frá því að endurspegla eftirspurn sambærilegra aðila á markaði eftir þessum hlutum, má til samanburðar nefna að á sama tíma og kaup EVK umfram sölu á hlutabréfum í Kaupþingi var 41% af heildarveltu með hlutabréfin var sala eigin viðskipta Landsbanka Íslands hf. umfram kaup 2% af heildarveltunni með hlutabréf í Kaupþingi og kaup eigin viðskipta Glitnis banka hf. umfram sölu 4% af heildarveltunni. Frá 8. desember 2004 var Glitnir banki hf. þó viðskiptavaki í hlutabréfum í Kaupþingi og frá 21. janúar 2008 gegndi Landsbanki Íslands hf. sama hlutverki. Höfðu bankarnir tveir það hlutverk að tryggja tiltekið framboð og eftirspurn eftir hlutabréfum í Kaupþingi.

Það er einnig til marks um óvenjulega viðskiptahegðun EVK að viðskipti þeirra með hlutabréf í hinum stóru bönkunum var með allt öðrum hætti en viðskipti þeirra með hlutabréf í Kaupþingi. Þannig var sala EVK á hlutabréfum í Glitni banka hf. 7% umfram kaup á tímabilinu og sala EVK á hlutabréfum í Landsbanka Íslands hf. 2% umfram kaup þrátt fyrir að Kaupþing væri viðskiptavaki í hlutabréfum Glitnis banka hf. allt tímabilið og í hlutabréfum Landsbanka Íslands hf. frá 21. janúar 2008.

Til að varpa frekara ljósi á hversu óeðlilega hátt hlutfall kaupa EVK umfram sölu var af heildarveltu með hlutabréf í Kaupþingi í sjálfvirkum pörunarviðskiptum vísast til 5. gr.

viðauka við reglugerð nr. 630/2005 þar sem fjallað er um skilyrði fyrir viðskiptum í endurkaupaáætlun. Í 4. mgr. ákvæðisins kemur fram að það magn sem útgefanda er heimilt að kaupa á einum degi skuli ekki vera meira en sem nemur 25% af meðaltali daglegra viðskipta með viðkomandi hlutabréf á skipulegum verðbréfamarkaði þar sem kaupin fara fram. Til að útgefanda séu heimil slík kaup þarf hann að birta almenningi ítarlega lýsingu á áætluninni. Kaupþing tilkynnti aldrei um slíka endurkaupaáætlun. Takmarkanir á hlutfalli daglegra kaupa á eigin hlutabréfum samkvæmt tilkynntum endurkaupaáætlunum gefa sterka vísbendingu um að kaup EVK á hlutabréfum í Kaupþingi, sem markaðurinn var aldrei upplýstur sérstaklega um, hafi verið svo óhófleg að þau hljóti að fela í sér markaðsmisnotkun.

6.1.3 Markaðsmisnotkun við opnun og lokun markaða

Opnunar- og lokunarverð skráðra fjármálagerninga ráðast að jafnaði í svokölluðum opunar- og lokunaruppboðum. Ein eða örfá viðskipti eða tilboð geta ráðið verði viðkomandi hlutabréfs þegar markaðir opna eða loka tiltekinn viðskiptadag. Þar sem tiltölulega lítil viðskipti eiga sér að jafnaði stað í opunar- og lokunaruppboðum er unnt að hafa mikil áhrif á verðmyndun hlutabréfa með tiltölulega litlum tilkostnaði. Vegna þessa þykja mikil viðskipti útgefanda með eigin hlutabréf í opunar- og lokunaruppboðum sérstaklega tortryggileg með tilliti til markaðsmisnotkunar.

Lokunaruppboð eru sérstaklega þýðingarmikil hvað varðar verðmyndun hlutabréfa þar sem algengt er að miða við dagslokaverð hlutabréfa í forsendum ýmiss konar viðskiptalegra útreikninga og við ákvarðanatöku. Þróun dagslokaverðs getur einnig haft mikla þýðingu fyrir fjárfestingarákvarðanir almennra fjárfesta. Auk þess taka margir afleiddir fjármálagerningar mið af dagslokaverði og sama máli gegnir um bónusgreiðslur og kauprétti starfsmanna og stjórnenda útgefanda hlutabréfa. Til viðbótar framangreindu má nefna að dagslokaverð fyrirtækja skiptir miklu máli í árshlutareikningum, ársreikningum og reikningsskilum fyrirtækja. Mikilvægi opunarverðs felst fyrst og fremst í þeim áhrifum sem gengi hlutabréfa við opnun markaðar getur haft á þróun gengisins yfir daginn.

Með hlutfallslega miklum kaupum EVK á hlutabréfum í Kaupþingi í opunar- og lokunaruppboðum á tímabilinu mynduðu ákærðu gólf í verðmyndun á hlutabréfum í Kaupþingi og höfðu þannig áhrif á opunar- og lokaverð hlutabréfanna. Umrædd háttsemi var liður í þeirri heildarháttsemi ákærðu að koma ýmist í veg fyrir eða hægja á lækkun á verði hlutabréfa í Kaupþingi. Því til stuðnings er í fyrsta lagi vísað til b-liðar 7. gr. reglugerðar nr. 630/2005 en þar segir að við mat á því hvort um markaðsmisnotkun sé að ræða skuli kaup eða sala fjármálagerninga við lokun markaðar, sem er misvísandi gagnvart fjárfestum sem taka ákvarðanir á grundvelli lokaverðs, teljast til markaðsmisnotkunar. Í öðru lagi er vísað til g-liðar 8. gr. reglugerðar nr. 630/2005 en þar segir að við mat á því hvort um markaðsmisnotkun sé að ræða skuli m.a. horft til þess að hve miklu leyti tilboð eða viðskipti séu framkvæmd á eða nálægt þeim tíma sem verðútreikningar eru framkvæmdir, s.s. vegna markaðsverðmætis eða verðmyndunar og hafi í för með sér verðbreytingar sem geti haft áhrif á slíka útreikninga eða verðmat. Að lokum er vísað til a-liðar ákvæðis 4.12 fyrrnefndra CESR leiðbeiningarreglna nr. 04/505b undir fyrirsögninni *tryggja verð* þar sem tekið er dæmi um markaðsmisnotkun við lokun markaðar. Samkvæmt ákvæðinu felur háttsemin í sér vísitandi kaup eða sölu verðbréfa við lokun markaðar til að breyta lokaverði viðkomandi verðbréfs. Í ákvæðinu kemur fram að viðskipti af þessum toga séu einkum líkleg til að eiga sér stað við lok uppgjörstímabila.

Viðskipti með hlutabréf í Kaupþingi á íslenska markaðnum fóru fram í lokunaruppboðum 206 viðskiptadaga á tímabilinu. Þar af voru kaup EVK umfram sölu yfir 50% af

heildarveltunni í lokunaruppboðum 83 viðskiptadaga og EVK voru einu kaupendur hlutabréfa í lokunaruppboðum 46 viðskiptadaga. Á tímabilinu námu kaup EVK umfram sölu á hlutabréfum í Kaupþingi í lokunaruppboðum á íslenska markaðnum 43% af heildarveltunni í lokunaruppboðum. Kaup EVK umfram sölu voru allt frá því að vera 16% af heildarveltunni í nóvember 2007, upp í 71% í september 2008 og 63% fyrstu þrjú daga októbermánaðar 2008. EVK keyptu einnig töluvert magn eigin hlutabréfa síðustu mínúturnar fyrir lokunaruppboðin á íslenska markaðnum á tímabilinu. Að meðaltali námu kaup EVK umfram sölu 51% af heildarveltunni á síðustu 20 mínútunum fyrir lokunaruppboð dag hvern.

Viðskipti með hlutabréf í Kaupþingi á sænska markaðnum fóru fram í lokunaruppboðum 222 viðskiptadaga á tímabilinu. Þar af voru kaup EVK umfram sölu yfir 50% af heildarveltunni í lokunaruppboðum 60 viðskiptadaga og EVK voru einu kaupendur hlutabréfa í lokunaruppboðum 16 viðskiptadaga. Á sama tímabili námu kaup EVK umfram sölu á hlutabréfum í Kaupþingi í lokunaruppboðum á sænska markaðnum 12% af heildarveltunni í lokunaruppboðum. Kaup EVK umfram sölu voru allt frá því að vera 27% af heildarveltunni í nóvember 2007, niður í 3% í september 2008 og 1% fyrstu sex daga októbermánaðar 2008. EVK keyptu einnig töluvert magn eigin hlutabréfa síðustu mínúturnar fyrir lokunaruppboðin á tímabilinu á sænska markaðnum. Að meðaltali námu kaup EVK umfram sölu 19% af heildarveltunni á síðustu 20 mínútunum fyrir lokunaruppboð dag hvern.

Háttsemi ákærðu, rétt fyrir lokunaruppboð og í lokunaruppboðunum sjálfum, samræmist fyllilega þeirri lýsingu á markaðsmisnotkun við lokun markaða sem fram kemur í framangreindum ákvæðum reglugerðar nr. 630/2005 og CESR leiðbeiningarreglunum. Háttsemin var til þess fallin að gefa rangar og misvísandi upplýsingar um raunverulega eftirspurn eftir hlutabréfum í Kaupþingi og verðmyndun á hlutabréfunum og sýnir einbeittan vilja ákærðu til að hafa óeðlileg áhrif á verðið og handstýra því í raun.

Sömu röksemdir eiga við um háttsemi ákærðu í opunaruppboðunum með hlutabréf í Kaupþingi á tímabilinu. Kaup EVK umfram sölu á hlutabréfum í Kaupþingi í opunaruppboðum á íslenska markaðnum námu 55% af heildarveltunni í opunaruppboðum og 30% á þeim sænska.

Kaup EVK umfram sölu í opunar- og lokunaruppboðum einstaka daga voru svo hátt hlutfall af heildarveltu uppboðanna að líta verður á háttsemi ákærðu hvern þessara daga sem sjálfstætt markaðsmisnotkunarbrot.

6.2 Reglum um endurkaupaáætlanir og verðjöfnun var ekki fylgt

Samkvæmt 1. tölulið 3. mgr. 115. gr. vvl. á ákvæði 117. gr. vvl. um markaðsmisnotkun ekki við þegar um er að ræða viðskipti með eigin hluti í endurkaupaáætlun eða við verðjöfnun fjármálagerninga, enda hafi viðskiptin farið fram í samræmi við reglugerð sem sett er á grundvelli 118. gr. vvl. Fjallað er um viðskipti með eigin bréf í endurkaupaáætlunum og verðjöfnun fjármálagerninga í viðauka reglugerðar nr. 630/2005. Fyrir liggur að háttsemi ákærðu, sem fjallað er um í I. kafla ákærunnar, var ekki liður í framkvæmd endurkaupaáætlunar eða verðjöfnunar enda tilkynnti Kaupþing aldrei slík áform og skilyrði reglugerðar um endurkaupaáætlanir og verðjöfnun voru að engu leyti uppfyllt.

6.3 Kaupþing var ekki viðskiptavaki í eigin hlutabréfum

Kaupþing hvorki var né gat með réttu verið viðskiptavaki í eigin hlutabréfum. Háttsemi ákærðu eins og henni er lýst í kafla I í ákæru hafði heldur engin einkenni viðskiptavaktar og

slík háttsemi hefði ekki getað talist viðskiptavakt í skilningi 116. gr. vvl. þótt annar aðili en útgefandi hlutabréfanna hefði átt í hlut.

Fjallað er um viðskiptavakt í 116. gr. vvl., en samkvæmt 1. mgr. ákvæðisins getur fjármálafyrirtæki sem hefur heimild til verðbréfavíðskipta með samningi við útgefanda fjármálagerninga skuldbundið sig til að vera viðskiptavaki, þ.e. kaupa og selja fyrir eigin reikning eða reikning útgefanda tiltekinna fjármálagerninga, í því skyni að greiða fyrir að markaðsverð skapist á þeim. Í 4. mgr. sama ákvæðis segir að geri fjármálafyrirtæki viðskiptavakasamning um viðskipti fyrir reikning útgefanda skuli tryggt að útgefanda sé ekki unnt að hafa áhrif á ákvarðanir um viðskipti á grundvelli samningsins. Í athugasemdum við 40. gr. frumvarps er varð að lögum nr. 33/2003 um verðbréfavíðskipti, sem svarar til 116. gr. vvl., segir að þannig sé tryggt að fjármálafyrirtæki taki í öllum tilvikum sjálfstæðar ákvarðanir um viðskiptin. Af framangreindu má ráða að útilokað er að útgefandi fjármálagernings geti verið viðskiptavaki í eigin hlutabréfum enda myndi slíkt fyrirkomulag augljóslega skapa hagsmunaárekstra og auka hættuna á markaðsmisnotkun.

Samkvæmt 2. mgr. 116. gr. vvl. skal viðskiptavaki tilkynna um samning samkvæmt 1. mgr. til skipulegs verðbréfamarkaðar þar sem viðkomandi fjármálagerningar hafa verið teknir til víðskipta og skal tilkynningin m.a. kveða á um lágmarksfjárhæð kaup- og sölutilboða, hámarksfjárhæð heildarviðskipta dag hvern og hámarksmun á kaup- og sölutilboðum.

Samkvæmt 3. mgr. 116. gr. vvl. skal víðskiptavaki dag hvern setja fram kaup- og sölutilboð í víðskiptakerfi skipulegs verðbréfamarkaðar áður en markaðurinn er opnaður. Verði tilboði víðskiptavaka tekið eða það fellt niður af hans hálfu skal hann setja fram nýtt tilboð eins fljótt og mögulegt er þar til hámarksfjárhæð víðskipta fyrir hvern dag hefur verið náð. Háttsemi ákærðu, þ.e. umrædd kaup EVK á eigin hlutabréfum í sjálfvirkum pörunarvíðskiptum á tímabilinu, getur ekki talist víðskiptavakt, sbr. framangreint ákvæði laganna. Gagnstætt víðskiptavaka tóku EVK stórar stöður í hlutabréfum í Kaupþingi. Víðskiptavakar leitast við að mynda tvær hliðar á markaðnum en EVK settu fram margfalt fleiri kauptilboð en sölutilboð í hlutabréf í Kaupþingi. Víðskiptavaki myndi hins vegar aðlaga tilboð sín þar til jafnvægi hefði náðst og það magn bréfa sem hann kaupir ætti að vera nokkurn veginn til jafns við það magn sem hann selur.

Umfang víðskipta með tiltekin hlutabréf, þ.e.a.s. dýpt markaðarins, er til marks um það hversu mikill seljanleiki þeirra er. Ljóst er að seljanleiki hlutabréfa er eitt þeirra atriða sem hefur mikil áhrif á verðmyndun hlutabréfanna þar sem mikilvægt getur verið fyrir eigendur hlutabréfa að geta selt jafnvel umtalsvert magn hlutabréfa á skömmum tíma án þess að það hafi veruleg áhrif til lækkunar á verði þeirra.

Líta verður svo á að útgefanda hlutabréfa sé með öllu óheimilt að mynda seljanleika og dýpt í víðskiptum með eigin hlutabréf með öðrum hætti en með samningi við fjármálafyrirtæki um víðskiptavakt að uppfylltum ströngum skilyrðum 116. gr. vvl. Kaupþing var ekki víðskiptavaki í eigin hlutabréfum og sú háttsemi ákærðu, að tryggja stöðuga eftirspurn eftir hlutabréfunum og þar með seljanleika þeirra, hafði þannig ekki lögmætan tilgang. Þar sem háttsemi ákærðu hafði ekki einkenni víðskiptavaktar heldur myndunar verðgólfs telst hún hafa verið markaðsmisnotkun enda voru tilboðin og víðskiptin líkleg til að gefa eftirspurn og verð hlutabréfa í Kaupþingi ranglega eða misvísandi til kynna og voru að auki til þess fallin að tryggja óeðlilegt verð eða búa til verð á hlutabréfunum.

7 Röksemdir sem varða II. kafla ákæru

Vegna lagaákvæða sem takmarka eign og töku veðs fjármálafyrirtækis í eigin hlutabréfum, reglna um flöggunarskyldu og neikvæðra áhrifa eigin hlutafjár á eiginfjárstöðu fjármálafyrirtækis þurfti reglulega að losa Kaupþing við eigin hlutabréf til þess að unnt væri að halda áfram markaðsmisnotkuninni með kaupum á eigin hlutabréfum í bankanum í sjálfvirkum pörunarviðskiptum. Þar sem sala á hlutabréfum í Kaupþingi í sjálfvirkum pörunarviðskiptum var til þess fallin að auka framboð og lækka gengi hlutabréfanna lögðu ákærðu, Hreiðar, Sigurður og Ingólfur, á ráðin um sölu á hlutabréfum í bankanum í stórum utanþingsviðskiptum, þ.e. tilkynntum viðskiptum, sem ekki voru til þess fallin að hafa nema óveruleg og tímabundin áhrif á verðþróun hlutabréfanna. Bankinn fjármagnaði kaupin að jafnaði að fullu eða að langstærstum hluta og litlar eða engar aðrar tryggingar voru fyrir endurgreiðslu lánanna en veð í hinu selda hlutafé. Af öllum utanþingsviðskiptum með hlutabréf í Kaupþingi á tímabilinu var Kaupþing banki skráður sem bæði kaupandi og seljandi eða annaðhvort kaupandi eða seljandi að 71% af heildarveltunni með hlutabréf í Kaupþingi í utanþingsviðskiptum. Ákært er fyrir slík hlutabréfaviðskipti í II.-III. kafla ákærunnar.

7.1 Röksemdir sem varða II. kafla A

Í lið A í II. kafla ákæru er ákærðu, Hreiðari Má, Sigurði, Ingólfi og Magnúsi, gefið að sök að hafa í febrúar og september 2008 komið á viðskiptum með samtals 25.700.000 hluti í Kaupþingi og látið ranglega líta svo út að félagið Holt Investment Group Ltd. hafi lagt fé til kaupa í bankanum og borið af þeim fulla markaðsáhættu. Með framangreindri háttsemi var eftirspurn eftir hlutum í Kaupþingi gefin, eða líklegt er að hún hafi verið gefin, ranglega og misvísandi til kynna auk þess sem viðskiptin einkenndust af blekkingum og sýndarmennsku, sbr. a-lið 1. tölul. og 2. tölul. 1. mgr. 117. gr. vvl.

7.1.1 Um hlut ákærðu í hinn refsiverðu háttsemi

Eftirfarandi má leiða af framburði vitna, ákærðu sjálfra og öðrum gögnum í málinu: Í fyrsta lagi að ákærði Magnús hafi árið 2008 haft samband við Skúla Þorvaldsson, eiganda félagsins Holt Investment Group Ltd., og boðið honum til kaups hluti í Kaupþingi með fullri fjármögnun bankans. Í öðru lagi að þetta hafi Magnús gert að undirlagi ákærðu Hreiðars Más, Sigurðar og Ingólfs. Í þriðja lagi að ákærði Ingólfur hafi í kjölfarið falið yfirmanni hlutabréfamíðlunar hjá Kaupþingi, Frosta Reyf Rúnarssyni, að framkvæma viðskiptin og tilkynna þau til kauphallar.

Þegar ofangreind atriði eru virt heildstætt verður að telja að ákærðu hafi í sameiningu komið á viðskiptunum með hlutina í Kaupþingi.

7.1.2 Um heimfærslu til refsíákvæða

Til stuðnings heimfærslu undir a-lið 1. tölul. 1. mgr. 117. gr. vvl. vísast til þess að viðskiptin varð lítil sem engin breyting á markaðsáhættu vegna umræddra hluta í Kaupþingi. Það eitt og sér gaf eða var líklegt til að gefa eftirspurn eftir hlutum í bankanum ranglega eða misvísandi til kynna. Því til stuðnings er vísað til a-liðar ákvæðis 4.11 fyrrnefndra CESR leiðbeiningarreglna nr. 04/505b undir fyrirsögninni *röng eða misvísandi viðskipti eða tilboð* þar sem m.a. er tekið eftirfarandi dæmi: *Þessi háttsemi felur í sér samkomulag um kaup eða sölu á fjármálagerningi þar sem engin breyting verður á raunverulegum hagsmunum eða markaðsáhættu [...]* (þýðing ákærandi). Framangreind lýsing fellur vel að háttsemi ákærðu eins og henni er lýst í lið A í II. kafla ákæru. Þegar hlutabréfin voru seld umræddu félagi voru

viðskiptin að fullu fjármögnuð af Kaupþingi og tryggingar engar eða svo takmarkaðar að öll áhætta af lækun hlutabréfanna hvíldi á bankanum.

Í þessu samhengi er vísað til a-liðar 8. gr. reglugerðar nr. 630/2005, en þar segir að við mat á því hvort um markaðsmisnotkun sé að ræða skuli m.a. horft til þess hversu stórt hlutfall viðskiptin eru af daglegri meðalveltu viðkomandi fjármálagernings. Þau hlutabréfaviðskipti sem hér eru til umfjöllunar voru umfangsmikil á alla mælikvarða. Þykir umrætt reglugerðarákvæði því styrkja heimfærslu háttseminnar undir a-lið 1. tölul. 1. mgr. 117. gr. vvl.

Til stuðnings heimfærslu undir 2. tölul. 1. mgr. 117. gr. vvl. vísast til þess að sé háttsemin virt heildrænt blasir við að um viðskipti, sem einkenndust af sýndarmennsku og blekkingum, hafi verið að ræða. Viðsemjandi bankans tók litla sem enga fjárhagslega áhættu í viðskiptunum en hafði von um hagnað ef bréfin hækkuðu mjög í verði. Hin fjárhagslega áhætta hvíldi aftur á móti áfram á bankanum.

7.2 Röksemdir sem varða II. kafla B

Í lið B í II. kafla ákæru er ákærðu, Hreiðari Má, Sigurði, Ingólfi og Magnúsi, gefið að sök að hafa í mars 2008 komið á viðskiptum með 5.000.000 hluti í Kaupþingi og látið ranglega líta svo út að Fjárfestingafélagið Mata ehf. hafi lagt fé til kaupa í bankanum og borið af þeim fulla markaðsáhættu. Með framangreindri háttsemi var eftirspurn eftir hlutum í Kaupþingi gefin, eða líklegt er að hún hafi verið gefin, ranglega og misvísandi til kynna auk þess sem viðskiptin einkenndust af blekkingum og sýndarmennsku, sbr. a-lið 1. tölul. og 2. tölul. 1. mgr. 117. gr. vvl.

7.2.1 Um hlut ákærðu í hinni refsiverðu háttsemi

Eftirfarandi má leiða af framburði vitna, ákærðu sjálfra og öðrum gögnum í málinu: Í fyrsta lagi að ákærði Magnús hafi í mars 2008 haft samband við Gunnar Þór Gíslason, stjórnarmann Fjárfestingafélagsins Mata ehf., sem þá hét Nýrækt ehf., og boðið honum til kaups hluti í Kaupþingi með fullri fjármögnun bankans. Í öðru lagi að þetta hafi Magnús gert að undirlagi ákærðu Hreiðars Mús, Sigurðar og Ingólfs. Í þriðja lagi að ákærði Ingólfur hafi í kjölfarið falið yfirmanni hlutabréfamiðlunar hjá Kaupþingi, Frosta Reyrrúnarsyni, að framkvæma viðskiptin og tilkynna þau til kauphallar.

Þegar ofangreind atriði eru virt heildstætt verður að telja að ákærðu hafi í sameiningu komið á viðskiptunum með hlutina í Kaupþingi.

7.2.2 Um heimfærslu til refsíákvæða

Til stuðnings heimfærslunni er vísað til rökstuðnings sem finna má í kafla 7.1.2 en sá kafla varðar lið A í II. kafla. Eiginfjárstaða Fjárfestingafélagsins Mata ehf. var jafnframt neikvæð í árslok 2007. Verður því ekki séð að viðskiptin hafi haft í för með sér nokkra breytingu á markaðsáhættu á hinum seldu hlutabréfum.

7.3 Röksemdir sem varða II. kafla C

Í lið C í II. kafla ákæru er ákærðu, Hreiðari Má, Sigurði, Ingólfi og Magnúsi, gefið að sök að hafa í maí, júní, júlí, ágúst og september 2008 komið á viðskiptum með samtals 17.849.500 hluti í Kaupþingi og látið ranglega líta svo út að kypverska félagið Desulo Trading Limited hafi lagt fé til kaupa í bankanum og borið af þeim fulla markaðsáhættu. Með framangreindri háttsemi var eftirspurn eftir hlutum í Kaupþingi gefin, eða líklegt er að hún hafi verið gefin, ranglega og misvísandi til kynna auk þess sem viðskiptin einkenndust af blekkingum og sýndarmennsku, sbr. a-lið 1. tölul. og 2. tölul. 1. mgr. 117. gr. vvl.

7.3.1 Um hlut ákærðu í hinni refsiverðu háttsemi

Eftirfarandi má leiða af framburði vitna, ákærðu sjálfra og öðrum gögnum í málinu: Í fyrsta lagi að ákærði Magnús hafi í maí 2008 falið starfsmanni Kaupthing Bank Luxembourg S.A., Einari Bjarna Sigurðssyni, að hafa samband við Egil Ágústsson, eiganda Desulo Trading Limited, í því augnamiði að bjóða honum til kaups hluti í Kaupþingi með fullri fjármögnun bankans. Í öðru lagi að þetta hafi Magnús gert að undirlagi ákærðu Hreiðars Más, Sigurðar og Ingólfs. Í þriðja lagi að ákærði Ingólfur hafi í kjölfarið falið yfirmanni hlutabréfamiðlunar hjá Kaupþingi, Frosta Rey Rúnarssyni, að framkvæma viðskiptin og tilkynna þau til kauphallar.

Þegar ofangreind atriði eru virt heildstætt verður að telja að ákærðu hafi í sameiningu komið á viðskiptunum með hlutina í Kaupþingi.

7.3.2 Um heimfærslu til refsíákvæða

Til stuðnings heimfærslunni er vísað til rökstuðnings sem finna má í kafla 7.1.2 en sá kafla varðar lið A í II. kafla.

8 Röksemdir sem varða III. kafla ákæru

8.1 Röksemdir sem varða III. kafla A

Í lið A í III. kafla ákæru eru ákærðu, Hreiðari Má, Sigurði, Ingólfi, Magnúsi, Bjarka og Björk, gefin að sök umboðssvik með því að hafa í sameiningu lánað félaginu Holt Investment Group Ltd. Ákærðu, Hreiðar Már, Sigurður, Ingólfur, Magnús og Bjarki, eru ákærðir fyrir allar lánveitingarnar en ákærða Björk er eingöngu ákærð fyrir lánveitingu til félagsins í september 2008, sbr. lið iii í tilvísuðum ákærukafli. Lán bankans til félagsins voru framlengd með þeim hætti sem lýst er í ákæru. Er í ákærunni miðað við þá daga sem gengið var frá framlengingunum en ekki dagsetningum viðkomandi samninga sem oft voru dagsettir aftur í tímann.

8.1.1 Um hlut ákærðu í hinni refsiverðu háttsemi

i-liður. Að því er varðar lán veitt Holt Investment Group Ltd. í febrúar 2008 má eftirfarandi leiða af framburði vitna, ákærðu og öðrum gögnum í málinu: Í fyrsta lagi að ákærðu, Hreiðar Már, Sigurður og Ingólfur, hafi í sameiningu ákveðið að Holt Investment Group Ltd. skyldi fá að kaupa hlut í Kaupþingi með lánveitingu frá bankanum. Þeir hafi þannig í sameiningu tekið ákvörðun um að Kaupþing skyldi lána félaginu. Í öðru lagi að ákærði Magnús hafi í febrúar 2008 haft samband við forsvarsmann félagsins, Skúla Þorvaldsson, og kynnt honum að Kaupþing myndi fjármagna viðskiptin. Var það því í raun Magnús sem kom fram fyrir hönd Kaupþings banka hf. og var hann þannig órjúfanlegur hlekkur í því að Kaupþing veitti lánið. Í þriðja lagi að hinn 15. febrúar 2008 hafi starfsmaður bankans leitað eftir staðfestingu ákærða Bjarka á því hvort greiða mætti lánið út. Ákærði Bjarki staðfesti með tölvupósti að greiða mætti lánið út. Var staðfesting ákærða Bjarka því nauðsynleg forsenda fyrir útgreiðslu lánsins.

ii-liður. Að því er varðar lán veitt Holt Investment Group Ltd. í mars 2008 má eftirfarandi leiða af framburði vitna, ákærðu og öðrum gögnum í málinu: Í fyrsta lagi að ákærðu, Hreiðar Már, Sigurður og Ingólfur, hafi í sameiningu ákveðið að bjóða forsvarsmanni Holt Investment Group Ltd. að kaupa stóran hlut í Kaupþingi með lánveitingu frá bankanum. Þeir hafi þannig í sameiningu tekið ákvörðun um að lána félaginu. Í öðru lagi að ákærði Magnús hafi í febrúar 2008 haft samband við forsvarsmann félagsins, Skúla Þorvaldsson, og kynnt honum að Kaupþing myndi fjármagna viðskiptin. Var það því í raun Magnús sem kom fram fyrir hönd Kaupþings banka hf. Í þriðja lagi að hinn 10. mars 2008 hafi starfsmaður bankans

leitað eftir staðfestingu ákærða Bjarka á því hvort greiða mætti lánið út. Ákærði Bjarki staðfesti með tölvupósti að greiða mætti lánið út. Var staðfesting ákærða Bjarka því nauðsynleg forsenda fyrir útgreiðslu lánsins.

iii-liður. Að því er varðar lán veitt Holt Investment Group Ltd. í september 2008 má eftirfarandi leiða af framburði vitna, ákærðu og öðrum gögnum í málinu: Í fyrsta lagi að ákærðu, Hreiðar Már, Sigurður og Ingólfur, hafi í sameiningu ákveðið að bjóða forsvarsmanni Holt Investment Group Ltd. að kaupa hlut í Kaupþingi með lánveitingu frá bankanum. Þeir hafi þannig í sameiningu tekið ákvörðun um að lána félaginu. Í öðru lagi að ákærði Magnús hafi síðsumars 2008 haft samband við forsvarsmann félagsins, Skúla Þorvaldsson, og kynnt honum að Kaupþing myndi fjármagna viðskiptin. Var það því í raun Magnús sem kom fram fyrir hönd Kaupþings banka hf. Í þriðja lagi að ákærðu, Bjarki og Björk, hafi í kjölfarið samþykkt útgreiðslu lánsins með tölvuskeytum sendum 18. og 19. september 2008 án þess að fyrir lægi samþykki lánanefndar stjórnar. Var aðkoma Bjarka og Bjarkar því nauðsynleg forsenda fyrir útgreiðslu lánsins.

8.1.2 Um heimfærslu til refsiaðkvæða

Umboðssvikaákvæðið gerir kröfu um að þrjú hlutlæg skilyrði þurfi að vera uppfyllt. Í fyrsta lagi þarf gerandi að vera í aðstöðu til að skuldbinda annan aðila, í öðru lagi þarf hann að misnota þessa aðstöðu og í þriðja lagi þarf að sýna fram á fjártjón eða verulega fjártjónshættu.

Aðstaða til að skuldbinda Kaupþing. Ákærðu voru öll í stöðu til að skuldbinda Kaupþing: Ákærði Hreiðar Már sem forstjóri Kaupþings samstæðunnar og meðlimur lánanefndar samstæðu og lánanefndar stjórnar, ákærði Sigurður sem starfandi stjórnarformaður bankans og meðlimur í lánanefnd stjórnar, ákærði Ingólfur sem forstjóri Kaupþings á Íslandi, ákærði Bjarki sem framkvæmdastjóri útlána og nefndarmaður í lánanefnd samstæðu og ákærða Björk sem nefndarmaður í lánanefnd samstæðu. Þótt ákærði Magnús hafi ekki gegnt stöðu innan Kaupþings, heldur hjá dótturfélagi bankans í Lúxemborg, var hann engu að síður í raunverulegri aðstöðu til að skuldbinda bankann í þeim tilvikum þar sem hann er ákærður. Komst hann í þá aðstöðu þegar honum var falið að semja fyrir hönd bankans við eiganda Holt Investment Group Ltd.

Misnotkun á aðstöðu. Við mat á því hvort ákærðu hafi verið heimil sú háttsemi sem þeim er gefin að sök vega þyngst þrjú atriði:

Í fyrsta lagi: Með því að lána kaupendum hluta í bankanum að fullu fyrir kaupum á hlutum sem bankinn átti, án þess að bankinn tæki nægar tryggingar, færðu ákærðu til lánþega alla hagnaðarvon sem bankinn hefði kunnað að eiga með því að halda á hlutunum. Tapsáhættan, sem hefði með réttu átt að vera óhjákvæmilegur fylgifiskur hagnaðarvonarinnar, sat eftir sem áður hjá bankanum. Lánveitingin var þannig til þess fallin að afla lánþega ótilhlýðilegra hagsmuna á kostnað Kaupþings og hluthafa bankans.

Í öðru lagi höfðu ákærðu enga heimild til að láta greiða út lán án þess að fyrst lægi fyrir samþykki þar til bærrar lánanefndar. Í 2. mgr. 21. gr. samþykktar fyrir Kaupþing kemur fram að félagsstjórn skuli setja reglur um verkaskiptingu stjórnar og framkvæmdastjóra þar sem fram komi mörk lánaheimilda hans. Þessar reglur er að finna í reglubók Kaupþings en þar eru skýrar reglur um útlánaheimildir og ferla lánveitinga innan bankans. Í lið 3.3.3.8 í reglubókinni kemur m.a. fram að engar útgreiðslur séu heimilar fyrr en gild útlánaákvörðun hefur verið tekin. Jafnframt segir þar að öllum nauðsynlegum skjölum vegna útlánaákvörðunar skuli hafa verið skilað, undirrituðum af lánþega, ábyrgðarmanni eða öðrum viðkomandi aðila og að skuldari hafi áður lagt fram tryggingar í samræmi við

útlánaákvörðunina. Samkvæmt reglubókinni gátu þrjár lánanefndir samþykkt lán af þeirri stærðargráðu sem ákæran tekur til: 1) Hin íslenska lánanefnd en samkvæmt lið 3.3.3.1.4 í reglubókinni voru heimildir hennar takmarkaðar við útlán upp að einum milljarði króna (*e. ISK 1bn, including related parties*). 2) Lánanefnd samstæðu en samkvæmt lið 3.3.3.1.3 í reglubókinni gat hún tekið ákvarðanir um útlán fyrir allt að því 165 milljónir evra (*e. for a total exposure of EUR 165m, including related parties*). 3) Lánanefnd stjórnar en samkvæmt lið 3.3.3.1.2 í reglubókinni þurfti að bera hærri lán en 165 milljónir evra, eða lánveitingar sem námu allt að 25% af eiginfjárgrunni bankans, undir hana. Fyrir liggur að lánveitingarnar voru ekki samþykktar af þar til bæri lánanefnd áður en lánin voru greidd út. Við útgreiðslu lánanna varð ekki aftur snúið og var þá þegar fyrir hendi veruleg fjártjónshætta fyrir bankann.

Í þriðja lagi, að því er varðar lán sem veitt voru í febrúar og mars, sbr. liði i og ii, var andstætt reglubók bankans að veita Holt Investment Group Ltd. peningamarkaðslán en slík lán voru samkvæmt henni fyrst og fremst til nota á millibankamarkaði eða ætluð stórfyrirtækjum með góða lánshæfismatseinkunn. Í lið 3.3.3.1.5 í reglubókinni er fjallað um kröfur sem gerðar eru til óveðtryggðra peningamarkaðslána af þessari stærðargráðu. Í fyrsta lagi verður ráðið af tilvitnuðum lið reglubókarinnar að peningamarkaðslán hafi þurft að fara í gegnum sama samþykktarferli og önnur lán. Í öðru lagi þurfti lánþegi annað hvort að hafa lánshæfismatið „14-17“ samkvæmt innra mati Kaupþings eða lánshæfismatið „AAA-AA“ samkvæmt lánshæfismati annarra en bankans vegna peningamarkaðslána að fjárhæð 10-25 milljarðar króna. Ef um var að ræða peningamarkaðslán að fjárhæð 1–10 milljarðar króna var hins vegar skilyrði um að lánþegi hefði annað hvort lánshæfismatið „11-13“ samkvæmt reglubók bankans eða lánshæfismatið A+ til A-. Er vísað í niðurstöður lánshæfismatsfyrirtækjanna Fitch, Moody's og S&P í því samhengi. Augljóst er að Holt Investment Group Ltd. var langt frá því að fullnægja þessum skilyrðum auk þess sem lánin voru ekki tekin fyrir í þar til bæri lánanefnd.

Veruleg fjártjónshætta. Við mat á því hvort veruleg fjártjónshætta hafi verið fyrir hendi vega fjögur atriði þyngst:

Í fyrsta lagi að strax og áður nefndar lánareglur voru brotnar við veitingu láns til Holt Investment Group Ltd. hafi skapast veruleg fjártjónshætta fyrir bankann. Byggir sú ályktun á því að reglunum var ætlað að takmarka fjártjónshættu bankans við útlán.

Í öðru lagi að útlán Kaupþings til félagsins hafi að mestu eða öllu leyti verið tryggt með veði í hlutabréfum í bankanum sjálfum. Fólst í því lítið tryggingargildi fyrir bankann og benda gögn og framburðir til þess að stjórnendur í bankanum hafi verið meðvitaðir um það.

Í þriðja lagi að við lánveitingarnar þrjár hafi veðþekjan verið með öllu ófullnægjandi. Samkvæmt reglubókinni eru verðbréf almennt ekki metin að fullu (á markaðsvirði) sem veð. Tekið er mið af áhættu verðbréfa þegar lagt er mat á hversu hátt hlutfall þeirra er lánað út á. Í reglunum segir að frádrag (*e. haircut*) hlutabréfa skuli vera 33%. Þá segir að lágmarks reglubundið frádrag á hlutabréfum skráðum í aðalvísitölu sé 15% og 25% á hlutabréfum sem skráð séu á þekktum markaði. Þá kemur fram að yfirmaður áhættustýringar geti í sérstökum tilvikum heimilað lægra frádrag en aldrei þannig að það verði lægra en lágmarks frádrag segi til um. Meginreglan var því að veðþekja væri 149% vegna útlána til hlutabréfakaupa þar sem hlutabréfin sjálf voru lögð fram sem trygging. Fyrir hlutabréf sem skráð voru í aðalvísitölu átti lágmarks frádrag að nema 15% en þá væri veðþekjan 117%. Er ljóst af gögnum málsins að veðþekjan var mun lægri en þessi meginregla í reglubók bankans mælti fyrir um. Þegar af þeirri ástæðu skapaðist veruleg fjártjónshætta við lánveitinguna enda máttu undirliggjandi eignir félagsins ekkert lækka til að bankinn yrði fyrir fjártjóni. Þá er einnig vert að benda á að

gengi hlutabréfanna hefði þurft að halda í við hinn mikla vaxtakostnað sem safnaðist upp frá fyrsta degi auk þess sem sum lánin báru lántökugjöld.

Í fjórða lagi var engin eftirfylgni með því að umsamin trygging, hlutabréf í Exista hf., væri til staðar þegar lánin voru veitt. Þá var hvorki tekið veð í hlutabréfum í Kaupþingi né í hlutabréfum í Exista hf. fyrr en löngu eftir að lánin höfðu verið greidd út.

8.2 Röksemdir sem varða III. kafla B

Í lið B í III. kafla ákæru eru ákærðu, Hreiðari Má, Sigurði, Ingólfi og Magnúsi, gefin að sök umboðssvik með því að hafa í sameiningu lánað Fjárfestingafélaginu Mata ehf. (áður Nýrækt ehf.). Lán bankans til félagsins var framlengt með þeim hætti sem lýst er í ákæru. Er í ákærinni miðað við þá daga sem gengið var frá framlengingunum en ekki dagsetningum viðkomandi samninga sem voru dagsettir aftur í tímann.

8.2.1 Um hlut ákærðu í hinni refsiverðu háttsemi

Eftirfarandi má leiða af framburði vitna, ákærðu og öðrum gögnum í málinu: Í fyrsta lagi að ákærðu, Hreiðar Már, Sigurður og Ingólfur, hafi í sameiningu ákveðið að bjóða forsvarsmanni Fjárfestingafélagsins Mata ehf. að kaupa hlut í Kaupþingi með lánveitingu frá bankanum. Þeir hafi þannig í sameiningu tekið ákvörðun um að lána félaginu. Í öðru lagi að ákærði Magnús hafi haft samband við stjórnarmann félagsins, Gunnar Þór Gíslason, og kynnt honum að Kaupþing myndi fjármagna viðskiptin. Var það því í raun Magnús sem kom fram fyrir hönd Kaupþings banka hf. og var hann þannig órjúfanlegur hlekkur í því að Kaupþing veitti lánið.

8.2.2 Um heimfærslu til refsíákvæða

Umboðssvikaákvæðið gerir kröfu um að þrjú hlutlæg skilyrði þurfi að vera uppfyllt. Í fyrsta lagi þarf gerandi að vera í aðstöðu til að skuldbinda annan aðila, í öðru lagi þarf hann að misnota þessa aðstöðu og í þriðja lagi þarf að sýna fram á fjártjón eða verulega fjártjónshættu.

Aðstaða til að skuldbinda Kaupþing. Hér vísast til þess sem sagði um aðstöðu ákærðu við lánveitingu til Holt Investment Group Ltd. í kafla 8.1.2.

Misnotkun á aðstöðu. Hér vísast til þess sem sagði um misnotkun á aðstöðu við lánveitingu til Holt Investment Group Ltd. í kafla 8.1.2.

Veruleg fjártjónshætta. Hér vísast til fyrstu þriggja atriðanna um verulega fjártjónshættu sem rakin voru í umfjöllun um lánveitingu til Holt Investment Group Ltd. í kafla 8.1.2 og jafnframt til þess að eigið fé Fjárfestingafélagsins Mata ehf. var neikvætt þegar félaginu var lánað.

8.3 Röksemdir sem varða III. kafla C

Í lið C í III. kafla ákæru eru ákærðu, Hreiðari Má, Sigurði, Ingólfi, Magnúsi, Bjarka og Björk, öllum gefin að sök umboðssvik með því að hafa í sameiningu lánað félaginu Desulo Trading Limited.

8.3.1 Um hlut ákærðu í hinni refsiverðu háttsemi

i-liður. Að því er varðar lán til Desulo Trading Limited sem samþykkt var á fundi lánanefndar samstæðu hinn 5. júní 2008 má leiða eftirfarandi af framburði vitna, ákærðu og öðrum gögnum í málinu: Í fyrsta lagi að ákærðu, Hreiðar Már, Sigurður og Ingólfur, hafi í sameiningu ákveðið að bjóða forsvarsmanni Desulo Trading Limited að kaupa hlut í Kaupþingi með lánveitingu frá bankanum. Þeir hafi þannig í sameiningu tekið ákvörðun um

að lána félaginu. Í öðru lagi að ákærði Magnús hafi látið Einar Bjarna Sigurðsson, starfsmann Kaupthing Bank Luxembourg S.A., hafa samband við forsvarsmann félagsins, Egil Ágústsson, og boðið honum að kaupa hlutabréfin með fullri fjármögnun Kaupþings banka hf. Var það því í raun Magnús sem kom fram fyrir hönd Kaupþings banka hf. og var hann þannig órjúfanlegur hlekkur í því að Kaupþing banki hf. veitti lánið. Í þriðja lagi að ákærðu, Bjarki og Björk, hafi í kjölfarið með samþykki sínu, á fyrrnefndum fundi lánanefndar samstæðu, stuðlað að því að lánið var greitt út en samþykki lánanefndarinnar var nauðsynlegt skilyrði þess að greiða mætti lánið út samkvæmt reglubók bankans.

ii-liður. Að því er varðar lán veitt Desulo Trading Limited sem samþykkt var á fundi lánanefndar samstæðu hinn 19. júní 2008 má leiða eftirfarandi af framburði vitna, ákærðu og öðrum gögnum í málinu: Í fyrsta lagi að ákærðu, Hreiðar Már, Sigurður og Ingólfur, hafi í sameiningu ákveðið að bjóða forsvarsmanni Desulo Trading Limited að kaupa stóran hlut í Kaupþingi banka hf. með lánveitingu frá bankanum. Þeir hafi þannig í sameiningu tekið ákvörðun um að lána félaginu. Í öðru lagi að ákærði Magnús hafi látið Einar Bjarna Sigurðsson, starfsmann Kaupthing Bank Luxembourg S.A., hafa samband við forsvarsmann félagsins, Egil Ágústsson, og boðið honum að kaupa hlutabréfin með fullri fjármögnun Kaupþings banka hf. Var það því í raun Magnús sem kom fram fyrir hönd Kaupþings banka hf. Í þriðja lagi að ákærðu, Hreiðar Már, Bjarki og Björk, hafi í kjölfarið með samþykki sínu, á fyrrnefndum fundi lánanefndar samstæðu, stuðlað að því að lánið var greitt út en samþykki lánanefndarinnar var nauðsynlegt skilyrði þess að greiða mætti lánið út samkvæmt reglubók bankans.

iii-liður. Að því er varðar lán veitt Desulo Trading Limited sem samþykkt var á fundi lánanefndar samstæðu hinn 7. ágúst 2008 má leiða eftirfarandi af framburði vitna, ákærðu og öðrum gögnum í málinu: Í fyrsta lagi að ákærðu, Hreiðar Már, Sigurður og Ingólfur, hafi í sameiningu ákveðið að bjóða forsvarsmanni Desulo Trading Limited að kaupa stóran hlut í Kaupþingi banka hf. með lánveitingu frá bankanum. Þeir hafi þannig í sameiningu tekið ákvörðun um að lána félaginu. Í öðru lagi að ákærði Magnús hafi látið Einar Bjarna Sigurðsson, starfsmann Kaupthing Bank Luxembourg S.A., hafa samband við forsvarsmann félagsins, Egil Ágústsson, og boðið honum að kaupa hlutabréfin með fullri fjármögnun Kaupþings banka hf. Var það því í raun Magnús sem kom fram fyrir hönd Kaupþings banka hf. Í þriðja lagi að ákærðu, Bjarki og Björk, hafi í kjölfarið með samþykki sínu, á fyrrnefndum fundi lánanefndar samstæðu, stuðlað að því að lánið var greitt út en samþykki lánanefndarinnar var nauðsynlegt skilyrði þess að greiða mætti lánið út samkvæmt reglubók bankans.

iv-liður. Að því er varðar lán veitt Desulo Trading Limited sem samþykkt var á fundi lánanefndar samstæðu hinn 25. september 2008 má leiða eftirfarandi af framburði vitna, ákærðu og öðrum gögnum í málinu: Í fyrsta lagi að ákærðu, Hreiðar Már, Sigurður og Ingólfur, hafi í sameiningu ákveðið að bjóða forsvarsmanni Desulo Trading Limited að kaupa hlut í Kaupþingi banka hf. með lánveitingu frá bankanum. Þeir hafi þannig í sameiningu tekið ákvörðun um að lána félaginu. Í öðru lagi að ákærði Magnús hafi látið Einar Bjarna Sigurðsson, starfsmann Kaupthing Bank Luxembourg S.A., hafa samband við forsvarsmann félagsins, Egil Ágústsson, og boðið honum að kaupa hlutabréfin með fullri fjármögnun Kaupþings banka hf. Var það því í raun Magnús sem kom fram fyrir hönd Kaupþings banka hf. Í þriðja lagi að ákærðu, Bjarki og Björk, hafi í kjölfarið með samþykki sínu, á fyrrnefndum fundi lánanefndar samstæðu, stuðlað að því að lánið var greitt út en samþykki lánanefndarinnar var nauðsynlegt skilyrði þess að greiða mætti lánið út samkvæmt reglubók bankans.

8.3.2 Um heimfærslu til refsíákvæða

Umboðssvikaákvæðið gerir kröfu um að þrjú hlutlæg skilyrði þurfi að vera uppfyllt. Í fyrsta lagi þarf gerandi að vera í aðstöðu til að skuldbinda annan aðila, í öðru lagi þarf hann að misnota þessa aðstöðu og í þriðja lagi þarf að sýna fram á fjártjón eða verulega fjártjónshættu.

Aðstaða til að skuldbinda Kaupþing. Vísast hér til þess sem sagði um aðstöðu ákærðu við lánveitingu til Holt Investment Group Ltd. í kafla 8.1.2.

Misnotkun á aðstöðu. Vísast hér til þess sem sagði í fyrsta lið umfjöllunar um misnotkun á aðstöðu við lánveitingu til Holt Investment Group Ltd. í kafla 8.1.2.

Veruleg fjártjónshætta. Vísast hér til fyrstu þriggja atriðanna um verulega fjártjónshættu sem rakin voru í umfjöllun um lánveitingu til Holt Investment Group Ltd. í kafla 8.1.2.

8.4 Röksemdir sem varða III. kafla D

Í lið D í III. kafla ákæru eru ákærðu, Hreiðari Má og Sigurði, gefin að sök umboðssvik með því að hafa í sameiningu lánað Kevin Gerald Stanford. Lánið var framlengt með þeim hætti sem lýst er í ákæru. Er í ákærinni miðað við þá daga sem gengið var frá framlengingum en ekki dagsetningum viðkomandi samninga sem voru dagsettir aftur í tímann.

8.4.1 Um hlut ákærðu í hinni refsiverðu háttsemi

Leiða má af framburði vitna, ákærðu og öðrum gögnum í málinu að ákærðu hafi, þrátt fyrir bágborna fjárhagsstöðu lánþegans, þrátt fyrir að ekki væru teknar tryggingar samkvæmt reglubók bankans og þrátt fyrir að lánveitingin hafi ekki verið tekin fyrir á fundi þar til bærrar lánanefndar, tekið ákvörðun um að veita Kevin Gerald Stanford lán til að kaupa hlut í Kaupþingi.

8.4.2 Um heimfærslu til refsíákvæða

Umboðssvikaákvæðið gerir kröfu um að þrjú hlutlæg skilyrði þurfi að vera uppfyllt. Í fyrsta lagi þarf gerandi að vera í aðstöðu til að skuldbinda annan aðila, í öðru lagi þarf hann að misnota þessa aðstöðu og í þriðja lagi þarf að sýna fram á fjártjón eða verulega fjártjónshættu.


Aðstaða til að skuldbinda Kaupþing. Vísast hér til þess sem sagði um aðstöðu ákærðu við lánveitingu til Holt Investment Group Ltd. í kafla 8.1.2.

Misnotkun á aðstöðu. Vísast hér til þess sem sagði í umfjöllun um misnotkun á aðstöðu við lánveitingu til Holt Investment Group Ltd. í kafla 8.1.2.

Veruleg fjártjónshætta. Vísast hér til fyrstu þriggja atriðanna um verulega fjártjónshættu sem rakin voru í umfjöllun um lánveitingu til Holt Investment Group Ltd. í kafla 8.1.2.

Skrifstofu embættis sérstaks saksóknara samkvæmt lögum nr. 135/2008,

Reykjavík, 15. mars 2013,



Björn Þorvaldsson, saksóknari

